ÍR-ingar aðrir í röðinni að æfa knattspyrnu á Íslandi

Knattspyrna hefur verið iðkuð óslitið hjá ÍR frá því vorið 1970, oftast af miklum krafti. ÍR-ingar hafa þó stundað knattspyrnu allt frá fyrstu árum félagsins, en lengst af með talsverðum hléum til 1970. Knattspyrnan á sér þó mun eldri sögu innan ÍR. Má rekja hana allt til bernskuára félagsins. Benedikt G. Waage fyrrverandi formaður félagsins og þáverandi forseti ÍSÍ sagði á aðalfundi ÍR 1944, að félagið hefði byrjað að æfa knattspyrnu næst á eftir KR. Sú starfsemi hefði þó fallið niður vegna þess að margir af félagsmönnum ÍR hefðu gengið í önnur knattspyrnufélög. Í áhaldaskrá félagsins frá upphafsárum þess má sjá að það hefur átt hverju sinni nokkra fótknetti.

Strax á öðru ári ÍR, eða 1908, keppti fótboltaflokkur undir merkjum félagsins við KR. Á þeim tíma gekk íþróttin undir fótbolta-nafninu, orðið knattspyrna mun ekki hafa verið myndað fyrr en 1910. Er Bjarni frá Vogi sagður vera höfundur þess. Þó að íþróttin hafi ekki beinlínis verið á stefnuskrá ÍR hafði félagið nógu mörgum knattspyrnumönnum á að skipa til þess að geta háð nokkra leiki við KR. Knattspyrnumenn ÍR voru flestir (og ef til vill allir, nema Andreas J. Bertelsen formaður og stofnandi ÍR) einnig félagsmenn í KR. Þar höfðu þeir lært og iðkað listina. Var þetta gert til þess að hægt væri að þreyta kappleiki, því að annars var ekki um annað að ræða en að tefla fram tveimur liðum úr KR. Þessir leikir KR og ÍR munu hafa farið fram sumarið 1908. Ekki varð framhald á þeim og ÍR tók ekki knattspyrnu á stefnuskrá sína fyrr en löngu síðar.

Framarar byggðu upp styrk sinn með því að æfa hjá ÍR

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson apótekari var einstakur áhugamaður um íþróttir og studdi marga starfsemi innan ÍR fjárhagslega. Er hann sat á

formannsstóli haustið 1930 lagði hann til, að stofnuð yrði knattspyrnudeild innan félagsins vorið eftir. Farið skyldi rólega í sakirnar og eingöngu byrjað með flokk ungra drengja. Var sú tillaga hans samþykkt á stjórnarfundi 23. október 1930 en síðan segir ekki meir af því máli. Virðist raunar ekkert hafa gerst í því fyrr en Haraldur Johannessen beitir sér fyrir deildarstofnun rúmum átta árum seinna. Í millitíðinni varð félagið við beiðni knattspyrnufélagsins Fram og leyfði liðsmönnum þess félags að æfa hjá ÍR a.m.k. frá áramótum 1933 og fram á sumar. Æfðu þeir í ÍR-húsinu með öðrum flokki ÍR í fimleikum og sóttu sér þannig aukinn líkamsþrótt og hreyfifærni áður en keppnistímabilið hæfist. Borgaði Fram 3,75 krónur til ÍR fyrir hvern þann mann sem stundaði þessar æfingar.

Knattspyrnudeild var formlega stofnuð hjá ÍR á stjórnarfundi þriðjudaginn 7. mars 1939 og hófust strax æfingar. Haraldur Johannessen formaður bar fram tillögu um að sérstök knattspyrnudeild yrði stofnuð innan ÍR. Áleit hann það einu leiðina til þess að fjölga félagsmönnum og til þess að fá nýtt líf í þann doða, sem þá var í öllum íþróttagreinum félagsins.

Ekki var full samstaða í stjórninni í málinu. Eftir talsverðar umræður fór fram atkvæðagreiðsla. Já sögðu Haraldur, Einar Ásgeirsson, Guðjón Runólfsson og Jón Helgason. Nei sagði Jón Jóhannesson, sem ekki sá ástæðu til þess að fjölga starfsgreinum félagsins. Taldi hann, að þeim starfsgreinum, sem fyrir voru, yrði minna sinnt fyrir bragðið.

Æfingar hófust um vorið og var aðaláherslan lögð á að yngri deildir félagsins gætu numið knattspyrnu undir ÍR-merkinu. Í drengjadeildum í fimleikum var stór hópur efnilegra drengja og taldi stjórnin rétt að gefa þeim kost á að reyna krafta sína á sviði knattspyrnunnar, leyfa þeim að leika með knöttinn á sumrin undir stjórn góðs knattspyrnumanns. Kennari var ráðinn góðkunnur knattspyrnumaður, Ellert Sölvason, betur þekktur sem Lolli í Val. Var hann því fyrsti knattspyrnuþjálfari ÍR.

ÍR auglýsir 1939 að félagið muni stunda knattspyrnu það sumar. Í viðtali við Vísi 5. maí er formaður félagsins, Haraldur Johannessen, spurður út í það. „Já, og strákarnir eru þegar byrjaðir að æfa, undir stjórn góðs knattspyrnumanns, og áhugi virðist í besta lagi," segir hann. Fátt segir af knattspyrnu í bókum stjórnar félagsins næstu árin. Þó er samþykkt í október 1941 að kaupa fótbolta. Þá var og samþykkt í desember 1942 að stofna til knattspyrnu að vori ef æfingavellir fengjust. Tilgangurinn með því var fyrst og fremst sá að reyna að treysta tengsl fimleikadrengjanna við félagið.

Ellert Sölvason annaðist þjálfunina í fyrstu. Hann sagði í samtali við bókarhöfund, að hópur ungra manna hefði sótt æfingarnar. Í honum hefði verið talsvert af Ísfirðingum og nokkrir sem síðar urðu flugmenn, eins og hann komst að orði. „Ég hafði tröllatrú á mannskapnum og æfingar gengu sæmilega framan af. En svo fór að mætingaleysi sagði til sín og eftirfylgnin var ekki nógu mikil til að halda lífi í tilrauninni," sagði Ellert.

Ellert sagði um ráðningu sína, að Haraldur formaður ÍR hefði komið til sín og sagt hann sjálfráðinn sem þjálfara fótboltaflokks ÍR. „Ég var í fimleikunum í félaginu og frjálsum á æsku- og unglingsárum og við Haraldur vorum góðir vinir. Árangur strákanna í ÍR í sumar gladdi mig mjög og ég samgleðst þeim að vera komnir í úrvalsdeildina. Mér hefur alltaf verið hlýtt til ÍR og hef ævinlega haft glas frá félaginu á sjónvarpinu mínu til að hafa ÍR-merkið alltaf fyrir augum," sagði Ellert eftir að ÍR-liðið hafði komist í efstu deild íslensku knattspyrnunnar árið sem ÍR hélt upp á 90 ára afmæli sitt, 1997.

Ólympíumeistarinn og hermaðurinn Guðmundur Hofdal tekur við þjálfuninni

Knattspyrnudeildin fékk ekki sérstaka stjórn fyrr en á stjórnarfundi, 25. mars 1943, en þá voru kosnir í knattspyrnunefnd, eins og deildin var oftast kölluð, þeir Sigurður Steinsson og Ellert Sölvason. Í maí var Sigurpáll Jónsson fenginn til liðs við þá og við brotthvarf Sigurðar úr stjórn tók hann við og hélt utan um starf deildarinnar. Guðmundur S. Hofdal var ráðinn þjálfari félagsins frá 15. apríl 1943 til jafnlengdar 1944 fyrir 400 krónur á mánuði. Hann var og ráðinn til að kenna glímu og frjálsíþróttir í félaginu auk knattspyrnu. Guðmundur hafði m.a. tekið þátt í glímuförinni á Ólympíuleikana í London 1908 og barist í fyrri heimsstyrjöldinni í Evrópu en hann var í björgunarsveitum kanadíska hersins. Þá var hann þjálfari íshokkíliðsins Fálkanna frá Winnipeg sem skipað var Íslendingum að mestu og vann gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Antwerpen 1920.

Þessir vösku kappar léku fáeina leiki fyrir ÍR árið 1947 og fóru svo að sögn í sveitina.

Æfingar 1. og 2. flokks voru auglýstar þriðjudaga og fimmtudaga, 3. og 4. flokks miðvikudaga, föstudaga og sunnudaga auk þess sem til stóð að æfa á Kolviðarhóli um helgar. Nú skyldi

knattspyrnan stunduð af alvöru og liði teflt fram í mótum.

Í þessu sambandi gerðist ÍR aðili að Knattspyrnuráði Reykjavíkur (KRR) 1943 og tók í fyrsta sinn þátt í knattspyrnuþinginu, hinu sjöunda í röðinni, í mars 1944. Á þinginu fékk ÍR sinn fyrsta fulltrúa í stjórn ráðsins en til þess trúnaðarstarfs hafði stjórn félagsins tilnefnt Guðmund S. Hofdal sem aðalmann, en Sigurð Steinsson og Sigurpál Jónsson til vara.

Stjórn ÍR fól Guðmundi í apríl 1943 að sjá um „kaup á vantandi áhöldum til knattspyrnu og annarra útiíþróttaæfinga“. Hinn 13. maí samþykkti stjórnin svo að tilkynna Knattspyrnuráði Reykjavíkur að félagið hefði tekið upp knattspyrnu í öllum flokkum. Um leið var tilkynnt þátttaka 1. flokks og meistaraflokks í mótum sumarsins.

Iðkendur knattspyrnu í ÍR eru síðan tilgreindir 2. júlí í bréfi til Knattspyrnuráðsins, sem Sigurpáll Jónsson og Guðmundur S. Hofdal rita. Þar eru rakin nöfn og heimilisföng 46 manna en þeir voru: Bragi Stefánsson og Haraldur Einarsson Lokastíg 25, Lýður Björnsson, Baldur Guðmundsson, Benedikt Björnsson, Jón Jónasson og Ásmundur Haraldsson Kirkjustræti 2, Björn Sveinsson Korpúlfsstöðum, Arthur Stefánsson Laugavegi 37, Þórarinn Grímsson Laugarholti, Stefán Jónasson Háteigsvegi 16, Tryggvi Friðlaugsson Kirkjustræti 2, Guðmundur Marteinsson Laugavegi 76, Páll Axelsson, Jón Haraldsson Njálsgötu 12, Björn Vilhjálmsson Arnargötu 4, Bergvin Jónsson og Karl Jónsson Kirkjustræti 2, Pétur Gauti Pétursson og Guðni Árnason Langholti, Helgi Ágústsson Kirkjustræti 2, Helgi Eiríksson Bragagötu 33, Jakob Tryggvason Langholti, Benedikt Gíslason Bjarkargötu 10, Aðalgeir Þorgrímsson, Emil Kristinsson Landholti, Steinþór Egilsson Kirkjustræti 2, Lúðvík Jónsson Túngötu 3, Ragnar Georgsson Þingholtsstræti 33, Víkingur H. Arnórsson Ránargötu 8, Guðmundur L.Þ. Guðmundsson og Guðmundur Björnsson Kirkjustræti 2, Lárus Arnórsson Ránargötu 8, Ari Jónsson Syðra-Langholti, Steingrímur Ingólfsson Grjótheimum, Bragi Sigurðsson Nesi á Seltjarnarnesi, Sigurður Steinsson Grímsstöðum, Gunnlaugur Stephensen Þórsgötu 28, Siggi Gíslason Kirkjustræti 2, Stefán Kristmundsson og Þorvaldur Kristmundsson Freyjugötu 34, Páll Jörundsson Fjölnisvegi 6, Jón Ólafsson Bjarnarstíg 9, Gunnar Guðmundsson Þvervegi 40, Guðmundur Marteinsson Laugavegi 69 og Páll Marteinsson Kolbeinsstöðum, Seltjarnarnesi.

Hraustir og liðtækir strákar en fáir með meistaraflokksgetu

„Þetta voru mjög góðir dagar. Guðmundur L.Þ. Guðmundsson var besti maðurinn og duglegastur við að smala mönnum í hópinn til æfinga,“ sagði einn leikmannanna, Lýður Björnsson heildsali, við bókarhöfund.

Guðmundur L.Þ., húsgagnasmiður og faðir Guðmundar fyrrverandi landsliðsþjálfara í handbolta, sagði við bókarhöfund, að í hópi þessum hefði verið margir hraustir og liðtækir strákar en kannski fáir með meistaraflokksgetu, miðað við stóru liðin. Margir þeirra voru utan af landi, í vinnu á daginn og iðnnámi á kvöldin. Fjöldi þeirra hafði herbergi á gistiheimili hjálpræðishersins í Kirkjustræti.

„Við vorum með feiknagóðan hóp sem náð hefði langt ef hægt hefði verið að koma honum oftar saman. En flestir vorum við við vinnu frá sjö á morgnana fram að kvöldmat og eftir mat á skólabekk í Iðnskólanum. Frítími var því yfirleitt lítill og því erfitt að koma liðinu saman. Í því bjó mikið en það náðist ekki út af þessum sökum,“ sagði Guðmundur L.Þ. Guðmundsson, einn besti leikmaður ÍR 1943–44. Eins og hann voru margir Ísfirðingar í þessum hópi.

Fyrsta þátttaka ÍR í opinberu knattspyrnukappmóti var, að félagið sendi lið til leiks í Íslandsmóti 1. flokks sem fram fór í ágúst og september 1943. Búningur þess voru bláar buxur og hvítur bolur. Þátttökuliðin voru sex og mótið því með útsláttarfyrirkomulagi. Það félag sem tapaði tveimur leikjum varð úr keppninni og svo fór um ÍR, sem tapaði með 5:2 á móti Fram, sem sigraði í mótinu, og 4:1 á móti Knattspyrnufélagi Akraness. Frammistaða ÍR-flokksins var samt talin góð þar sem Fram og KA voru sterkustu lið mótsins. Þóttu margir leikmenn liðsins vera hinir ágætustu, svo sem innherjarnir, miðframherji og markvörðurinn, eins og segir í Þrótti, félagsblaði ÍR, í október en viðkomandi eru þó ekki nafngreindir. Með meiri æfingu taldi greinarhöfundur að lið þetta gæti náð langt, en stórsigra væri þó ekki að vænta af því fyrr en að tveimur til þremur árum liðnum.

Mynd af hópi þeirra sem lögðu grunninn að starfi knattspyrnudeildar, tekin á 8. áratugnum á malarvellinum í Bökkunum, fyrir framan eina blokkina.

Fyrstu leikir ÍR þar sem þjóðarleikvangur reis síðar

Flestir leikjanna í þessu móti fóru fram á túnunum við sundlaugarnar gömlu eða þar sem síðar átti eftir að rísa þjóðarleikvangur í Laugardal. Þau töldust þó ekki sæmilegur völlur þá, voru óslétt og í þeim of mikill mosi.

Ætlaður var einn tími á viku fyrir æfingar knattspyrnumanna veturinn 1943-44. Kennari var Guðmundur S. Hofdal í eldri flokki og Ellert Sölvason í yngri flokki. Aðsókn reyndist dræm og ekki eins mikil og æskilegt hefði verið til að byggja gott lið á.

Mikill hugur var þó í forráðamönnum ÍR um að félagið léti til sín taka í knattspyrnu svo sem tekist hafði í öðrum íþróttum. Blásið er í herlúðra í byrjun maí 1944 og iðkendur boðaðir til fundar. Fyrsta útiæfingin þjóðhátíðarárið er auglýst 9. maí og æfa meistara- og 1. flokkur þrisvar í viku, á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum, en 2., 3. og 4. flokkur alla daga nema miðvikudaga og föstudaga.

Hin stóru áform urðu þó ekki að veruleika þó svo ÍR yrði meðal fimm félaga sem þátt tóku í Knattspyrnumóti Íslands á stofnári lýðveldisins, 1944. Hin voru Fram, KR, Valur og Víkingur. Var það í fyrsta sinn sem ÍR tók þátt í Íslandsmótinu í meistaraflokki. Vakti það reyndar nokkra furðu þar sem ÍR-ingar höfðu ekki náð efsta sæti í 1. flokki árið áður. Félögin gengu reyndar ekki upp í meistaraflokk eftir ákveðnum reglum enda áleit Knattspyrnuráð Reykjavíkur, sem sá um mótin innanhéraðs og á landsvísu, að reglur um það atriði væru ekki tímabærar. Gátu því í rauninni hverjir sem voru keppt í meistaraflokknum, enda var ÍR ekki meinuð þátttaka í mótinu.

Knattspyrnumótið hófst óvenju hátíðlega 5. júní en það mun hafa staðið í sambandi við lýðveldisstofnunina. Setti forseti ÍSÍ, Benedikt Waage, það með stuttri ræðu en á meðan stóðu öll liðin, sem kepptu á mótinu, í fullum búningum á miðjum vellinum. Að ræðunni lokinni var þjóðsöngurinn leikinn.

Skellur gegn Fram

Mönnum lék nokkur forvitni á að sjá ÍR sem mætti Fram í þriðja leik mótsins, fimmtudaginn 8. júní. Leikar fóru svo, að Fram vann 8:0 og veittu ÍR-ingar varla þá mótspyrnu sem þó hafði mátt búast við. Íþróttablaðið segir að með dálítið öruggari markmanni hefðu þeir þó getað forðað 2–3 mörkum af þessum átta. Yfirleitt hafi leikmenn ÍR ekki verið í meistaraflokki hvað getu snerti, að einum eða tveimur undanskildum. Miklu fremur hafi verið um 1. fl. lið að ræða.

Ein frétt var öllum öðrum stærri á baksíðu Morgunblaðsins daginn eftir. Var það frásögn af frumraun ÍR í meistaraflokksmótinu. „Fram vann Í.R. 8–0“ stóð í fyrirsögninni á tveimur dálkum. Allar aðrar fréttir voru á einum dálki. Í fréttinni sagði, að hvorki hefði vel leikin né skemmtileg knattspyrna farið fram á íþróttavellinum kvöldið áður en þar stóð m.a.:

„ÍR háði þarna sinn fyrsta leik í meistaraflokki á knattspyrnumóti Íslands. Þessari þátttöku ber að vísu að fagna, en hún verður að hafa annan aðdraganda. Þegar félag hugsar sér að senda knattspyrnulið í meistaraflokkskeppni verður liðið að hafa fengið svo og svo mikla reynslu og þjálfun í kappleikjum, að það sjái sér fært að ganga út í slíka keppni með sæmilegum árangri. Ef þetta er ekki fyrir hendi getur það haft mjög alvarleg áhrif á keppendur liðsins. Þeir geta öðlast minnimáttarkennd og fleira, sem erfitt gæti verið

að yfirstíga, jafnvel þegar betur blæs. Réttara væri því fyrir ÍR að taka fyrst þátt í 1. flokks mótum og eftir góða frammistöðu þar að hugsa þá til meistaraflokksmóta. Álít ég það hina réttu leið til að ná glæsilegum árangri fyrir félagið á sviði knattspyrnunnar. Því það mun þeim vissulega takast ekki síður en í öðrum íþróttagreinum, sem þeir hafa sýnt svo frábæran árangur í. Um leikinn sjálfan er ekkert markvert að segja, þar talar markafjöldinn sínu máli.“ H.Ó.

Áhorfanda nokkrum líkaði frásögnin eigi alls kostar, skrifaði ritstjóra blaðsins eftirfarandi bréf sem birtist við hlið leiðara Morgunblaðsins næsta dag:

Herra ritstjóri.
„H.Ó. skrifar vinalega grein í Mbl. í dag út af knattspyrnukeppni ÍR og Fram sem fram fór í gærkveldi í meistaraflokki, og bendir réttilega á að ÍR-ingar hefðu átt að byrja með þátttöku í 1. fl. keppni og vinna sig upp í meistaraflokk. Ég skal gefa þær upplýsingar, að einmitt þessi aðferð var höfð þegar ÍR byrjaði í fyrra. En þá tók það þátt í 1. fl. keppni (útsláttarkeppni) og hélt að það væri að keppa við 1. fl. lið. En þegar á völlinn kom voru sjö af 11 úr liði andstæðinganna meistaraflokksmenn, sem keppt höfðu það sumar. Þetta á ekki að vera hægt. Meistari er alltaf meistari, og mega því ekki keppa nema þar, hvernig sem á stendur hjá félaginu í hinum flokkunum. Menn geta ekki farið niður á við, aðeins upp á við. Þessu verður að kippa í lag strax – og treysti ég hinu nýskipaða knattspyrnuráði til þess. Þetta er ástæðan fyrir því að ÍR tekur þátt í meistaramótinu nú þegar, eftir örstutta æfingu, því betra er að falla fyrir meisturunum sem slíkum heldur en 1. fl. mönnum sem eru meistarar. Að lokum þetta: Ég skal ekki afsaka ÍR-ingana. Þeir eru byrjendur – það vita allir – og markvörðurinn var mjög óheppinn – það sáu allir. Og annað eins hefir komið fyrir eins og 8:0. Ég man eftir, og það hjá þessum gömlu og sterku félögum, 9:1, 11:0, og svona mætti lengi telja. En þau hættu ekki, og því segi ég þetta til ÍR-inganna: Haldið áfram. Æfið af kappi. Spilið drengilega. Og framtíðin mun sanna að ÍR-ingar geta líka spilað knattspyrnu. Áhorfandi.“

Ekki hægt að manna sterkan flokk og liðið því dregið úr keppni

Þessi áhrínsorð til ÍR-inganna dugðu skammt því eftir þennan leik draga þeir sig til baka úr mótinu 1944. Vegna forfalla allmargra leikmanna þótti sýnt, að ekki yrði hægt að manna meistaraflokk til keppni fyrir félagið nema það veikan og lélegan, að til meiri minnkunar væri fyrir félagið en sú ráðstöfun að hætta þátttöku í mótinu.

Ákvað knattspyrnunefnd ÍR því að draga liðið úr keppni, en í henni sátu Emil Kristinsson, Jón Jónasson, Guðmundur L.Þ. Guðmundsson og Guðmundur Hofdal. Að athuguðu máli féllst stjórn ÍR svo á afstöðu nefnd-

arinnar og samþykkti 13. júní að hætta keppni. Eftirköstin urðu þau, að tveimur dögum seinna, 15. júní 1944, dæmdi Knattspyrnuráðið ÍR frá þátttöku í knattspyrnukeppni í meistaraflokki þar til að loknu Íslandsmótinu 1945, og auk þess í 500 króna sekt.

Því má segja að þátttaka ÍR-inga í Íslandsmótinu hafi verið fremur endaslepp. Knattspyrna mun þó hafa verið iðkuð allvel í félaginu. Margir keppendanna í meistaraflokki urðu að fara úr bænum til vinnu og af þeim sökum gat félagið ekki teflt fram liði í Reykjavíkurmótinu sem hófst í lok júlí.

Ekki varð meira úr því að meistaraflokkur keppti fyrir ÍR fyrr en á áttunda áratugnum. Meiri áhersla var hins vegar lögð á starfsemi 1. flokks og hinna yngri. Var lið 1. flokks sent til leiks í Reykjavíkurmótinu 1944. Í fyrsta leik tapaði ÍR fyrir Fram, 4:1, vann síðan Víking 1:0 en tapaði síðan 2:1 bæði fyrir KR og Val. KR vann mótið með sjö stigum, Valur hlaut sex, Fram fimm, ÍR tvö og Víkingur ekkert.

Landsmót I. flokks árið 1944 hófst 15. ágúst og tefldi ÍR þar sömuleiðis fram liði en auk Reykjavíkurfélaganna fimm tóku tvö lið utan af landi þátt, eins og þá var skrifað; frá Akranesi og Hafnarfirði. Það ákvæði gilti, að það félag sem tapaði leik var þar með úr mótinu. Var það samkvæmt almennum reglum ÍSÍ um knattspyrnumót sem giltu þegar um fleiri en fimm þátttökulið var að ræða.

Féll ÍR út eftir fyrsta leik þar sem félagið beið lægri hlut fyrir Hafnfirðingum (KH.) 3:0. Frammistaðan taldist þó góð því KH. keppti úrslitaleikinn í mótinu, en óheppni réð því að ÍR varð að spila fyrsta leikinn við annað sterkasta félagið.

Félagið tefldi einnig fram kappliði í Reykjavíkurmóti III. flokks sem hófst 14. maí. Vann liðið ekkert stig en fékk á sig 16 mörk, tapaði 0:7 fyrir KR og 0:9 fyrir Val. Líklega hefur sá árangur orðið til þess að liðinu var ekki teflt fram í landsmótinu seinna um sumarið. Í öllum mótum ársins í öllum flokkum skoruðu ÍR-ingar fjögur mörk en fengu á sig 35.

„Skussarnir“ lögðu þá „æfðu“ að velli

Ef til vill var ekki alvaran í fyrirrúmi í knattspyrnukappleik á ÍR-deginum á Kolviðarhóli, 26.–27. ágúst 1944. Í frásögn Vísis af deginum segir að háður hafi verið mikill kappleikur. Í öðru liðinu hafi verið menn sem æfðu knattspyrnu, ÍR-ingar og aðrir, sem þar voru staddir, og í hinu gamlir knattspyrnumenn, sem æfðu ekki lengur knattspyrnu. Að sögn blaðsins fóru leikar svo, að þeir síðarnefndu, sem kallaðir voru „skussarnir“ í þessu tilfelli, báru sigur úr býtum. (Íþróttablaðið sept.-okt. 1945) segir reyndar að hinir „æfðu“ hafi náð jafntefli – 2:2 – eftir harðan leik.) Einnig sigruðu þeir í reipdrætti, sem fram fór að knattspyrnunni lokinni, milli kappliðanna.

Íþróttablaðið segir að fjöldi gesta hafi verið á Kolviðarhóli, bæði ÍR-ingar og aðrir. Veður var óhagstætt, rigning og stormur, en samt fór leikurinn fram, segir blaðið.

Þrátt fyrir góðan vilja forystumanna félagsins virðist sem knattspyrnan hafi aldrei fundið grundvöll til þess að festast í sessi í starfi félagsins á stríðsárunum. Um ástæður þess er ekkert hægt að fullyrða, til þess skortir upplýsingar. Íþróttin virðist svo til eingöngu hafa verið iðkuð yfir sumarmánuðina.

Yfir vetrarmánuðina var t.a.m. aðeins ein vikuleg æfing innanhúss að vetri. Þannig var aðeins ein vikuleg æfing í knattspyrnu, undir stjórn Snorra Jónssonar, veturinn 1944–45. Á sama tíma var glíma kennd og æfð þrisvar í viku hjá ÍR, aðrar íþróttir tvisvar til þrisvar nema hnefaleikar sem kenndir voru 16 tíma í viku.

Vélsmiðjan Héðinn lánaði félaginu búninga til afnota

Í knattspyrnunefnd fyrir starfsárið 1944–45 voru kosnir Guðmundur Hofdal, formaður, Jón Jónsson og Bragi Stefánsson. Þeir voru einnig skipaðir í nefndina starfsárið 1945–46. Hafa þeir vísast ekki haft mikinn meðbyr því stjórn félagsins varð að afturkalla þátttöku í Íslandsmóti 1. flokks 1945 sem fram átti að fara í ágústmánuði. Áður en knattspyrnan lagðist í 25 ára dvala hjá ÍR var lið þó sent til keppni í Reykjavíkurmóti 1. flokks sumarið 1945. Þar komu við sögu alls 24 leikmenn, en leikar fóru þannig að liðið tapaði 3:0 fyrir Val, 3:1 gegn Víkingi, 9:0 gegn KR og 3:0 fyrir Fram.

Í apríl 1946 samþykkir stjórn félagsins að sækja um æfingatíma fyrir knattspyrnu á íþróttavellinum og túninu fyrir neðan háskólann, eins og þurfa þykir. Er það hið síðasta sem minnst er á knattspyrnu í gerðarbók félagsins í bili. Knattspyrnunefnd er ekki skipuð eftir aðalfund félagsins 1946. Knattspyrnan hefur því lagst í dvala hjá ÍR stríðslokahaustið. Það staðfestir og frekar sú tilkynning Guðmundar Hofdal á fundi í KRR 7. mars 1946 að ÍR myndi ekki senda fulltrúa í knattspyrnuráðið á næsta starfstímabili ráðsins.

Ekki var knattspyrnustarfið fjárhagslegur baggi á félaginu enda önnur gildi í heiðri höfð fyrir rúmri hálfri öld en í seinni tíð. Einu fjárfestingarnar sem tengjast knattspyrnuiðkuninni hjá ÍR á stríðsárunum og færðar hafa verið í bækur er, að í fundargerð stjórnar félagsins frá 4. desember 1944 er gjaldkera félagsins veitt heimild til að „kaupa tösku undir knattspyrnubúninga, sem Vélsmiðjan Héðinn hafði lánað knattspyrnuflokkum félagsins undanfarin tvö ár, sem lítilfjörlega greiðslu fyrir afnotin af umræddum búningum“.

Geir Hallgrímsson hvetur ÍR-inga til að taka upp knattspyrnu

En að því kom að knattspyrnan lifnaði við hjá ÍR. Sigurður Gunnar Sigurðsson

formaður félagsins skýrði stjórn sinni frá því á fundi 20. maí 1970, að mikill áhugi væri fyrir því í Breiðholti, að ÍR tæki upp knattspyrnustarf í hverfinu. Höfðu foreldrar sem þótti óviðunandi að aka börnum sínum niður í bæ á æfingar sett sig í samband við félagið.

Ennfremur kom málið til umræðu á fundi sem Geir Hallgrímsson borgarstjóri og sonur eins af frumkvöðlum ÍR – Hallgríms Benediktssonar – hélt fyrir íbúa í Breiðholti í félagsheimili Fáks. Þar kynnti hann áform um að flytja ÍR upp í Breiðholt og fundarmenn vildu fótboltavöll. Hann var minntur á að engin knattspyrna væri stunduð í ÍR en Geir svaraði því til að þá þyrfti bara að stofna knattspyrnudeild.

Stjórn ÍR fól Sigurði Gunnari að kanna möguleika á því að ÍR byði upp á iðkun knattspyrnu í Breiðholti. Leitaði hann til gamalgróins ÍR-ings í hverfinu, Rúnars Steindórssonar [Björnssonar frá Gröf], og fékk hann til að koma starfinu af stað í Breiðholti. Líflegar umræður voru um knattspyrnustarfsemi á aðalfundi 2. júní 1970 og á endanum samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur ÍR 2. júní 1970 samþykkir að stofnuð sé knattspyrnudeild og stjórn félagsins komi því máli í heila höfn nú þegar og gerist aðili að K.R.R. og taki þátt í knattspyrnumótum nú þegar á þessu sumri.“

Undir tillöguna rituðu Sigurjón Þórðarson fyrrverandi formaður ÍR, Rúnar Steindórsson, Ásgeir Guðlaugsson, Sveinn Scheving og Jón Þ. Ólafsson. Ásamt þessu var formlega samþykkt á þessum aðalfundi að flytja starfsemi ÍR í Breiðholt I þá þegar og hefja undirbúning að því að koma upp aðstöðu fyrir það á fyrirhuguðu íþróttasvæði í Breiðholti III.

Knattspyrnudeildin vakin af dvalanum langa

Knattspyrnudeild ÍR, sem stofnuð var 1939 og fékk stjórn 1943, er vakin af dvalanum og endurreist laugardaginn 13. júní 1970 með tímamótafundi, sem haldinn var í Breiðholtsskóla. Félagið hafði flutt starfsemi sína að hluta til í Breiðholtið og á fundinum kom í ljós, að mikill áhugi var meðal unglinga í hverfinu fyrir því að æfa og keppa í knattspyrnu. Sigurður Gunnar Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mættur var fjöldi af fjórða og fimmta flokks drengjum ásamt nokkrum mönnum sem tekið höfðu að sér að starfa fyrir deildina. Sigurður Gunnar ræddi sérstaklega við drengina, kynnti þeim starfsemi félagsins og hvatti þá til dáða. Tilkynnti hann, að aðalstjórn ÍR hefði samþykkt að verja 10 þúsund krónum til deildarinnar, sem „tannfé“. Einnig að keyptir hefðu verið knettir og von væri á fleirum. Þá sagði hann frá því, að pantaðir hefðu verið keppnisbúningar, hvítir bolir með blárri rönd yfir brjóstið og bláum kraga, bláar buxur og hvítir sokkar.

Sveinn Scheving var kosinn formaður deildarinnar og með honum í stjórn völdust þeir Kristján Bogi Einarsson ritari, Ólafur Gústafsson gjaldkeri, Gunnar Brynjólfsson spjaldskrárritari, Rúnar Steindórsson varaformaður, Ásgeir Guðlaugsson varamaður og Einar Aðalsteinsson varamaður. Var sama stjórn kosin á fyrsta aðalfundi, sem haldinn var í Breiðholtsskóla 14. nóvember 1970. Með þeirri undantekningu þó að Jón Grétar Guðmundsson kom í stað Einars og hlaut embætti varagjaldkera. Þá hlaut Ásgeir embætti varaaritara. Skömmu fyrir endurreisnarfundinn hófust skipulegar æfingar á vegum félagsins fyrir 4. og 5. flokk á sparkvelli við Arnarbakka, sem deildin fékk til afnota. Fyrir tilstilli Rúnars var starfsfélagi hans, Sveinn H. Gunnarsson prentari, ráðinn þjálfari en hann þjálfaði þessa fyrstu tvo flokka félagsins einnig 1971. Fljótlega réð Rúnar einnig sem þjálfara þá Jóhann Inga Gunnarsson, síðar landsliðsþjálfara í handknattleik, Örn Guðmundsson og Úlfar Steindórsson, núverandi formann ÍR. Síðar komu við sögu Sigurbergur Sigsteinsson og Ásgeir Elíasson, síðar landsliðsþjálfari.

Með knattspyrnustarfinu var skotið enn fleiri og dýpri rótum undir landnám ÍR í Breiðholti og flutning starfsemi félagsins þangað. Deildin fékk til afnota sparkvöll við Arnarbakka en um hann lágu leiðir úr flestum blokkanna í kjörbúð hverfisins. Frúrnar í hverfinu áttuðu sig ekki alltaf á því hvað þar fór fram og ósjaldan varð því að gera hlé á leik eða æfingu er þær roguðust með innkaupapokana eða ýttu á undan sér barnavögnum beint yfir völlinn. Leiddi það til þess að Knattspyrnusambandið fór fram á það við ÍR að félagið léki heimaleiki sína á Melavellinum er meistaraflokkurinn hóf þátttöku í Íslandsmótum á ný árið 1981.

Fjórði flokkur karla árið 1978 undir stjórn Magnúsar Einarssonar sem þjálfaði marga flokka hjá ÍR, m.a. meistaraflokk. Tryggvi Gunnarsson, síðar mikill markakóngur í meistaraflokki ÍR, er fimmti frá vinstri í neðri röð.

Reynslan frá 1943 kenndi forystumönnum ÍR að byrja ekki á öfugum enda og stofna fyrst til meistaraflokks, heldur byrja á yngstu flokkunum og reyna að byggja starfið upp frá grunni. Það var haft að leiðarljósi þegar knattspyrnan var endurvakin í ÍR 1970 og markviss uppbygging yngri flokka hafin. Æfingar voru hafnar í 4. og 5. aldursflokki um vorið og byggt rólega upp því ekki var tekið þátt í héraðs- eða landsmóti fyrr en 1971.

Léku flokkarnir nokkra æfingaleiki við Ármann, Þrótt og Gróttu. Einnig tók 5. flokkur a og b þátt í Gróttumóti fyrsta starfsárið og lék þá við Breiðablik, Stjörnuna í Garðahreppi, Gróttu, FH

og Íþróttabandalag Keflavíkur. Fimmti flokkur gerði eitt jafntefli en tapaði öðrum leikjum. Fjórði flokkur tapaði öllum sínum leikjum.

Barnsskónum slitið öðru sinni á sjoppuvelli Breiðholtshverfis

Sparkvöllurinn við Breiðholtsskóla þar sem knattspyrnan í ÍR sleit barnsskónum hinum seinni var ekki upp á marga fiska. Ekki var um knattspyrnusvæði að ræða sem slíkt og því átti starfsemin erfitt uppdráttar. Völlurinn taldist ekki íþróttasvæði í augum borgaryfirvalda, heldur leikvöllur barna og var í huga íbúanna sjoppuvöllur hverfisins. Erfiðlega gekk að halda uppi félagsstarfi með eðlilegum hætti. Í reynd þótti það kraftaverk að hægt skyldi að reka knattspyrnudeild á svæðinu við Breiðholtskjör og þótti t.a.m. forráðamönnum annarra félaga ótrúlegt hvernig til tókst.

Feðgar sem hafa komið talsvert við sögu knattspyrnudeildarinnar og ÍR: Úlfar Steindórsson, núverandi formaður ÍR, fyrrverandi leikmaður og þjálfari í knattspyrnu og handknattleik, og faðir hans Steindór Úlfarsson, sem tók virkan þátt í uppbyggingu knattspyrnudeildar upp úr 1970.

Með útsjónarsemi og elju reyndist þó margt unnt að gera og það hafði orðið til að efla mjög starfsemi knattspyrnudeildar ÍR að Steindór Úlfarsson, einn af framámönnum hennar til að byrja með, og Andrés Wendel gáfu fallegan bikar til keppni milli blokka. Þeir voru áhugasamir um knattspyrnuna en vildu fyrir alla muni koma iðkuninni út af blokkarlóðunum og yfir á sparkvöllinn fyrir neðan blokkirnar, enda höfðu báðir lagt ómælda vinnu í að halda lóðinni við blokk sína, Hjaltabakka 2–16, hreinni og snyrtilegri.

Fyrir vikið fóru drengir að hittast og svo spila með ÍR. Hver blokk tefldi fram sínu liði og einbýlishúsin einu liði saman. Léku allir við alla og einn og sami maðurinn dæmdi alla leikina, Steindór Úlfarsson, núverandi formaður ÍR.

Það hjálpaði til á fyrstu árum deildarinnar og varð til að létta forsvarsmönnum hennar róðurinn, að Þorvaldur Óskarsson skólastjóri í Breiðholtsskóla, ÍR-ingur og fyrrverandi spretthlaupari, og starfsfólk hans sýndi starfi félagsins mikinn áhuga og reyndist knattspyrnudeildinni vel. Hún átti því ætíð framúrskarandi samstarf við skólann.

Fyrstu árin náði félagið litlu sambandi við foreldra þótt þeir sýndu sonum sínum áhuga og fylgdu þeim á völlinn, en kvennaknattspyrna var ekki iðkuð í fyrstu. Ekki bætti úr skák, að á árunum 1972–76 voru flokkarnir í nokkru reiðileysi og stjórn deildarinnar nokkuð óvirk. Hvíldi eiginlega öll

starfsemin á þessum tíma á herðum Rúnars Steindórssonar sem reyndi eftir bestu getu að halda utan um starfið og fá menn til liðs við sig. Mikið mæddi á honum því knattspyrnudeildin hafði verið með alla aldursflokka í keppni. Þrátt fyrir hans fórnfúsa starf var útilokað að ætla að Rúnar gæti einn staðið undir allri starfseminni.

Það varð deildinni til bjargar – og kom ef til vill í veg fyrir að hún legðist niður – að nokkrir foreldar iðkenda ákváðu að taka knattspyrnudeildina að sér og tefla til að byrja með eingöngu fram liðum í 4. flokki og 5. flokki karla. Meistaraflokkurinn var ekki á ábyrgð þessarar stjórnar en honum héldu úti leikmenn sem vildu halda starfsemi hans áfram þótt engan þjálfara hefðu. Þeir foreldrar sem þarna komu við sögu eru Walter Hjaltested, Óskar Valgarðsson, Sædís Jónsdóttir og Halldór Guðmundsson. Fengu þau til liðs við sig Steindór Úlfarsson sem varð formaður deildarinnar. Undir þeirra forystu byggðist knattspyrnudeildin hægt og bítandi upp en til marks um það var þriðja flokki bætt við árið 1978 og árið 1981 var annar flokkur einnig starfræktur. Við formennsku af Steindóri tók síðan Þorvaldur Þorvaldsson og gegndi hann því starfi um árabil og dreif starfið áfram af miklum eldmóði. Þorvaldur veitti ekki aðeins knattspyrnudeildinni af tíma sínum, heldur einnig handknattleiksdeildinni.

Framtak framangreindra hefur að líkindum verið fyrsti vísir foreldrastarfs hjá knattspyrnudeild ÍR en það hefur lengi verið öflugt. Bar það með tímanum ávöxt því í skýrslu félagsins fyrir tímabilið 1985–89, sem lögð var fyrir aðalfund 1990, segir að foreldraráð hafi starfað af miklum myndarskap með yngri knattspyrnuflokkum ÍR.

Hér eru hressir piltar í fjórða flokki karla árið 1979. Þar má einnig sjá að Magnús Einarsson er þjálfari liðsins.

Arnór og Eiður Guðjohnsen hófu keppni með ÍR

Þótt áhugi væri mikill hjá ÍR-ingunum gerðust engin kraftaverk strax og nokkur bið var eftir góðum árangri enda keppnin við gömlu liðin hörð. Héldu þau meðal annars úti njósnum eftir efnilegum leikmönnum í hverfinu. Þannig drógust til annarra og kannski sterkari liða og nýrra tækifæra á framabrautinni margir efnilegir piltar sem byrjuðu ferilinn hjá ÍR. Þar má frægasta nefna Arnór Guðjohnsen og síðar son hans Eið Smára en báðir hófu knattspyrnuiðkun sína hjá ÍR.

Litlar tilraunir voru gerðar til að stofna til meistaraflokks á fyrstu árunum. Þó keppti einn slíkur undir merkjum félagsins þegar á fyrstu árum eftir end-

urreisn deildarinnar. Leikmenn hans voru fyrst og fremst handknattleiksmenn úr ÍR og öðrum félögum sem héldu sér í æfingu yfir sumarmánuðina með því að spila fótbolta. Og til að halda sér við efnið var hópnum teflt fram til keppni undir merkjum ÍR. Sumarið 1974 keppti slíkur flokkur í þáverandi 3. deild. Auk þess fór hann í keppnisferð til Fáskrúðsfjarðar helgina 13. og 14. júlí 1974. Mun það vera fyrsta keppnisför ÍR-flokks í fótbolta eftir endurreisn. Uppistaðan í meistaraflokki þessum var handknattleiksmenn. Fyrirliði var Jóhann Ingi Gunnarsson, síðar landsliðsþjálfari í handknattleik. Ásgeir Elíasson var spilandi þjálfari en hann varð síðar landsliðsþjálfari í knattspyrnu. Auk þeirra tóku þátt í ferðinni Þorbjörn Guðmundsson, Bjarni og Hörður Hákonarsynir, Frímann Ólafsson, Guðmundur Björgvinsson, Hörður Árnason, Hörður Hafsteinsson, Ívar Eysteinsson, Óskar Jóhannesson og Úlfar Steindórsson. Fararstjóri og umsjónarmaður liðsins var Hákon Bjarnason, formaður og prímus mótor handboltadeildarinnar á þessum árum.

ÍR-ingar í Reykjavíkurúrvali 5. flokks karla árið 1979. Talið frá vinstri: Gunnar V. Pétursson þjálfari, Hörður Theodórsson, Sveinn Arnþórsson, Hlynur Jóhannsson, Jónas Guðjónsson og Finnur Pálmason.

Leikið var á laugardegi gegn heimamönnum í Leikni og lyktaði viðureigninni með sanngjörnu jafntefli, 2–2. Í hálfleik var staðan 1–0 fyrir ÍR. Mörk ÍR skoruðu Hörður Árnason og Þorbjörn Guðmundsson. Daginn eftir var leikið gegn úrvalsliði Austfjarða, eða liði UÍA, en í því voru fjölmennastir leikmenn úr Þrótti, Neskaupstað. Þann leik vann ÍR með þremur mörkum gegn tveimur. Geysileg baráttugleði var í ÍR-ingum í þessum leik, enda stærsta verkefni liðsins til þessa og löngunin til að vinna mikil. Einhver kallaði þetta fjórðaparts landsleik, sem ÍR vann þarna. Í hálfleik stóð 2–1 fyrir ÍR. Mörk ÍR skoruðu Guðmundur Björgvinsson, Hörður Hákonarson og Hörður Árnason. Aðsókn að leikjunum var heldur dræm. Nam aðgangseyrir samtals kr. 28.800 og fékk ÍR helming þess, eða kr. 14.400 í sinn hlut.

ÍR tefldi enn fram liði til keppni í meistaraflokki sumarið 1977, fjórða árið í röð. Lék hann sem fyrr í 3. deild. Unnust tveir leikir af 22 en 20 töpuðust. Árangurinn þótti það lélegur að meistaraflokki var ekki teflt aftur fram fyrr en 1981, þá einnig í 3. deildinni gömlu. Betur gekk í 4. og 5. flokki og varð sá fyrrnefndi í öðru sæti á Íslandsmótinu

1977. Flokkurinn vann sinn riðil mótsins örugglega; vann alla leiki sína með yfirburðum, skoraði 50 mörk en fékk á sig aðeins eitt mark. Í úrslitakeppninni lenti ÍR í riðli með Leikni og KA. Gerði fyrst jafntefli við granna sína en vann síðan KA. Var þar með komið í úrslitaleikinn um fyrsta sætið í mótinu. Þar var hart sótt og tvísýnt um úrslit allt til loka. Að endingu varð ÍR undir, 0:1. Engu að síður góður árangur því ÍR varð með þessu í öðru sæti í mótinu sem 41 lið tók þátt í.

Í skýrslu um starfsemina fyrir þetta ár segir að mikils megi vænta af því starfi deildarinnar að leggja aðaláherslu á unglingastarfið. „Vonumst við til að hér sé búið að leggja grundvöll að þátttöku ÍR í knattspyrnu í framtíðinni. Á næsta ári mun deildin tefla fram liði í 3. flokki," segir í skýrslunni. Aðalþjálfarar deildarinnar á þessum tíma voru Úlfar Steindórsson, síðar forstjóri Toyota, fyrir 4. flokk og Magnús Einarsson fyrir 5. flokk.

Tíma tók að koma styrkum stoðum undir meistaraflokk

Eins og að framan segir var nær öll áherslan á fyrstu árunum á að halda fyrst og fremst uppi starfsemi í allra yngstu flokkunum. Árið 1978 sendi félagið t.d. 3. flokk í fyrsta sinn til keppni. Undirstaðan í 4. og 5. flokki var þá orðin mjög góð og biðin virtist hafa verið skynsamleg því hið unga lið 3. flokks vann frábært afrek strax á fyrsta árinu með því að komast alla leið í sex liða úrslit Íslandsmótsins. Vann sér því inn ferð til Húsavíkur þar sem úrslitakeppnin fór fram. Þótt liðið hafnaði þar í neðsta sæti sýndi frammistaðan engu að síður að ÍR-ingar voru á réttri leið í knattspyrnunni.

Undirstrikaði 5. flokkur C það enn frekar með því að vinna Reykjavíkurmeistaratitil þetta sumar. Var það fyrsti Reykjavíkurtitill knattspyrnudeildarinnar og fyrsti verðlaunabikarinn sem hún vinnur. Af þessu tilefni var sleginn sérstakur minnispeningur, til heiðurs fyrstu meisturum ÍR í knattspyrnu. Albert Guðmundsson heiðursformaður ÍR og knattspyrnuhetja afhenti leikmönnum liðsins hann á uppskeruhátíð deildarinnar við vertíðarlok. Hvatti Albert leikmennina ungu til dáða í ávarpi sínu, en til hátíðarinnar mættu vel á annað hundrað ungir knattspyrnumenn úr hverfinu. Albert reyndist félaginu og fótboltanum innan þess ætíð vel. Mætti á leiki og viðburði til að fylgjast með og hvetja leikmenn til dáða. Þannig heiðraði hann með nærveru sinni hina ungu drengi 4. flokks sem unnu það

Hér eru vaskir ungir ÍR-ingar með Alberti Guðmundssyni, heiðursformanni ÍR, árið 1979. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Jóhann Þorkelsson, Þröstur Jónsson, Guðmundur Ingi Magnússon, Aðalsteinn Guðmundsson, Atli Elísson, Einar, séra Róbert Jack, Óli Kristjánsson, ónefndur Skoti, Albert Guðmundsson, Árni Arnþórsson, Gunnar Marteinsson, Hallur Eiríksson, Hlynur Óskarsson, Kjartan Hjaltested, Björn Gunnarsson, Ágúst Guðmundsson, Bóas Árnason og Davíð Hafsteinsson.

Fyrstu Íslandsmeistarar knattspyrnudeildar, 5. flokkur karla árið 1979. Efri röð talið frá vinstri: Þórir Lárusson, formaður ÍR, Óskar H. Valgarðsson, stjórnarmaður, Þorvaldur Þorvaldsson, stjórnarmaður, Sigurður Þorvaldsson, Friðrik Már Jónsson, Sveinn Ólafur Arnórsson, Ingi Grétarsson, Fannar Gauti Dagbjartsson, Hörður Theodórsson, Gunnar V. Pétursson þjálfari, Walter Hjaltested og Albert Guðmundsson heiðursforseti ÍR. Neðri röð frá vinstri: Jón Ármann Guðjónsson, Þórarinn Guðjónsson, Sigþór Sigurðsson, Gunnar Ólafsson, Viktor Viktorsson, Finnur Pálmason, Kristinn Grétarsson, Jónas Guðjónsson, Hlynur Jóhannsson og Sigurður Þórir Þorsteinsson.

afrek árið 1977 að verða í öðru sæti Íslandsmótsins. Nældi hann í þá ÍR-merki í viðurkenningarskyni.

Leikmenn 5. flokks færa ÍR fyrsta Íslandsmeistaratitilinn

Það var stór stund í sögu ÍR og hinnar ungu endurreistu deildar er félagið eignaðist fyrstu Íslandsmeistarana í knattspyrnu, í 5. aldursflokki, árið 1979. ÍR komst í lokamótið með því að vinna sinn riðil og skora 47 mörk gegn sjö. Leikið skyldi til úrslita á grasi á svonefndum Hallarvelli í Laugardal en við slíkar aðstæður höfðu drengirnir úr Breiðholti aldrei æft. Kom það í hlut Þorvaldar Þorvaldssonar liðsstjóra að halda drengjunum við æfingar og finna grasvöll til að æfa á. Tókst honum að hafa tvær æfingar á grasvellinum við Háskólann og tókust þær mjög vel.

Úrslitakeppni Íslandsmótsins í ágústmánuði 1979 er þeim er á horfðu með öllu ógleymanleg. Flestir sem mættir voru í Laugardal voru þegar búnir að skipta sigri, annaðhvort á Akranesliðið eða Keflavíkurliðið sem léku í sama riðli og ÍR. Fór nú reyndar svo að það varð hlutskipti ÍR að leika til úrslita, gegn Þór frá Akureyri, sunnudaginn 12. ágúst, eftir að hafa gert 2–2-jafntefli við ÍA og unnið ÍBK 3–0.

Úrslitaleikurinn var í jafnvægi fyrstu 10–12 mínúturnar, en þá tóku ÍR-ingar öll völd í sínar hendur og sýndu sumir hverjir snilldartakta, er jafnvel gamalreyndar knattspyrnuhetjur, er á horfðu, dáðust að. Yfirburðir ÍR-liðsins voru miklir og gott stöðumat, sigurvilji og ekki síst undarlega gott jafnvægi drengjanna vó þyngst. Lauk þessum leik með glæsilegum sigri ÍR-inga, 5-1. Þar með hafði ÍR eignast sína fyrstu Íslandsmeistara í fótbolta. Þjálfari piltanna var Gunnar Pétursson og liðsstjóri Þorvaldur Þorvaldsson.

Þegar hér var komið sögu voru um 600 drengir við æfingar hjá knattspyrnudeildinni í öllum unglingaflokkum. Starfsemi deildarinnar var komin í fastar skorður, starfsemin orðin heilsteypt og mikill uppgangur í félaginu. Ráðnir höfðu verið góðir og dýrir þjálfarar sem skilaði sér í góðum árangri. Kvenfélag Breiðholts hafði gefið deildinni bolta og búninga. Í þeim voru stærstu sigrar félagsins unnir. Voru þetta 200 góðir og sterkir adidasbúningar. Munu starfsmenn umboðsins hafa rekið upp stór augu og orðið býsna undrandi er konurnar gerðu pöntunina, slík var stærð hennar.

Verðmæti búninganna var 125 þúsund krónur sem voru miklir peningar þá. Ýmsar vaskar konur lögðu deildinni lið á fyrstu árunum og auðvelduðu starfsemina. Eiginkonur stjórnarmanna þvoðu t.a.m. búninga, eins og tíðkaðist þá stundum, og lögðu þannig sitt á vogarskálar svo deildinni væri kleift að starfa.

Reyndar hefur það löngum verið lán knattspyrnudeildar ÍR hvað sjálfboðaliðar hafa lagt mikið af mörkum í starfinu. Má segja að starfið eftir endurreisn deildarinnar í Breiðholti fyrir röskum þremur áratugum hefði aldrei orðið það sem orðið hefur hefðu foreldrar og aðrir sjálfboðaliðar ekki komið þar að. Er listi yfir þessa fórnfúsu aðila sem hafa verið félaginu svo dýrmætir býsna langur.

Fyrir sigur 5. flokks í Íslandsmótinu hlaut knattspyrnudeild ÍR sérstaka viðurkenningu frá Íþróttaráði Reykjavíkurborgar fyrir gott unglingastarf. Fjárupphæð, 250.000 krónur, sem viðurkenningunni fylgdi ákvað stjórn deildarinnar að afhenda aðalstjórn ÍR til uppbyggingar á nýju íþróttasvæði félagsins í Mjódd.

Keppnin lögð niður eftir að ÍR hafði unnið bikarinn til eignar!

Fyrsta verðlaunabikarinn sem féll knattspyrnudeildinni í skaut vann 5. flokkur c með sigri í Reykjavíkurmeistaramóti þess aldursflokks. Á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar í Breiðholtsskóla að keppnistímabili loknu voru Reykjavíkurmeisturunum afhentir sérsmíðaðir minnispeningar, sem fyrstu meisturum ÍR í knattspyrnu. Þá afhenti heiðursformaður ÍR, Albert Guðmundsson, og hélt hvatningarræðu. Félagið vann bikar þennan aftur árið eftir og til fullrar eignar 1980 með þriðja sigrinum í röð. Sú spurning brann síðar á vörum ÍR-inga hvort eitthvað hefði verið óeðlilegt við gengi félagsins. Alla vega kvað svo rammt að sigri ÍR að Knattspyrnuráð Reykjavíkur ákvað þegar hér var komið sögu að fella niður keppni í þessum flokki.

Í byrjun níunda áratugarins var aftur hugað að því að tefla fram meistaraflokki til keppni. Var flokkur stofnaður að nýju árið 1981. Hóf hann strax þátttöku í Íslandsmótinu, 4. deild, og hafði Melavöllinn gamla sem heimavöll. Ekkert lát hefur verið á starfsemi meistaraflokks hjá ÍR upp frá þessu. Um þetta leyti bar starfsemi knattspyrnudeildarinnar einnig þann ávöxt að 15 ára leikmaður hjá félaginu, Jónas Eysteinn Guðjónsson, var valinn til að keppa með U17-landsliðinu. Lék hann þrjá landsleiki sumarið 1982, gegn Færeyjum, Finnlandi og Noregi. Er Jónas með þessu fyrsti landsliðsmaður ÍR í knattspyrnu.

Vendipunktur varð í starfi knattspyrnudeildar ÍR er stórgóður malarvöllur var tekinn í notkun á framtíðarsvæði félagsins við Skógarsel árið 1984. Þótti hann einn besti malarvöllur landsins. Um leið vígði ÍR nýtt félagsheimili og færði þar með alla starfsemi knatt-

Meistaraflokkur karla á innanhússmóti árið 1984. Talið frá vinstri í efri röð: Björn Gunnarsson, Vignir Sigurðsson, Hlynur Elísson, Eyjólfur Sigurðsson, Gunnar Valdimarsson og Birgir Blomsterberg. Neðri röð frá vinstri: Guðmundur I. Magnússon, Pétur Jónsson, Karl Elí Þorgeirsson og Gústaf Adolf Björnsson þjálfari.

Hér má sjá fyrstu húsnæðisaðstöðuna sem knattspyrnudeild hafði við vallarsvæðið í Suður-Mjódd. Þetta húsnæði nýttist vel fyrst um sinn.

spyrnudeildar úr Arnarbakka í Suður-Mjódd. Eftir þetta varð auðveldara að virkja hverfið til þátttöku í félaginu. Merkti deildin nýja svæðið með stóru skilti sem á var letrað: „Hér rís íþróttasvæði ÍR.“ Stóð það uppi um árabil og fór ekki framhjá neinum.

ÍR-ingar setja met á met ofan

Nú var undirstaðan betri en ætíð áður til að byggja rekstur meistaraflokks á. Og ekki leið á löngu þar til hann lét að sér kveða, en liðið varð í 3. sæti í sínum riðli í 4. deild 1983. Merkur áfangi náðist í sögu deildarinnar er ÍR varð Reykjavíkurmeistari í keppni í 1. flokki 1984, sama árið og malarvöllurinn var tekinn í notkun. Með því vann félagið sér þátttökurétt í Reykjavíkurmóti meistaraflokks um ókomin ár.

Árið áður setti meistaraflokkslið ÍR markamet í leik í Íslandsmótinu. Vann Gróttu 16:1 í 4. deild. Er það einstæður árangur í sögu íslenskrar knattspyrnu. Stendur metið enn fyrir stærsta sigur í meistaraflokksleik karla. Tryggvi Gunnarsson skoraði átta markanna sem einnig er met fyrir skoruð mörk af einum manni í leik. Hann endurtók það afrek í 11:0-sigri á Leikni. Þá skoraði Tryggvi 38 mörk á leiktíðinni 1983 en fleiri mörk hefur enginn skorað á einu tímabili í keppni í meistaraflokki. Flest ef ekki öll í Íslandsmóti þar sem liðið mátti ekki keppa í Reykjavíkurmótinu og ekki um deildarbikar að ræða á þessum tíma. Er þessi markaskorun Tryggva því með ólíkindum. Meistaraflokkslið ÍR setti svo met fyrir flest skoruð mörk á einu leiktímabili, eða 83 mörk árið 1985. Þá naut hins vegar ekki Tryggva við; var hann farinn úr félaginu í bili.

Met ÍR í sögu íslenskrar knattspyrnu eru þó ekki alveg bundin við meistaraflokkinn því stærsti sigur sem unnist hefur í 5. flokki b er 29:0. Þann sigur vann ÍR gegn Fjölni árið 1989. Ólafur Sigurjónsson skoraði 105 mörk með 5. flokki þetta sumar, sem einnig er met. „ÍR-ingar enn í sexinu“ sagði í grípandi fyrirsögn dagblaðs sumarið 1984. Ekki snerist frásögnin um atferli eða met leikmanna félagsins utan vallar, heldur árangur ÍR-inga innan vallar. Skýringin var sú að eftir 10 leiki í fjórðu deildinni þetta sumar hafði liðið skorað sex mörk í þeim öllum. Var það útaf fyrir sig met. Sama ár vann meistaraflokkurinn sinn riðil Íslandsmótsins með miklum yfirburðum. Setti hann bæði nýtt stigamet og einnig nýtt met í markaskorun í sögu íslenskrar knattspyrnu. Því miður tókst flokknum þó ekki að vinna sér sæti í 3. deild að sinni.

Íslandsmeistarar í 4. deild á þriðja ári

Fyrsta meistaratitil sinn vann meistaraflokkur ÍR er hann vann 4. deildina árið 1985, á sínu þriðja ári í deildinni Liðið var á mikilli sigurgöngu. Vann alla 10 leiki sína í A-riðli, síðan þrjá af fjórum í suðvesturriðli úrslitakeppninnar og gerði eitt jafntefli, við Augnablik, 1:1. Fór því ósigrað til Akureyrar í úrslitaleik um sigur í deildinni við Reyni frá Árskógsströnd. Leikurinn fór fram 7. september. ÍR var mun betri aðilinn og vann 3:1, var 1:0 yfir í hálfleik. Verðskuldaði liðið því meistaratitil 4. deildarinnar og sæti í 3. deild að ári. Vignir Sigurðsson skoraði fyrsta markið og markakóngurinn Páll Rafnsson jók muninn í 2:0. Guðmundur Magnússon fyrirliði átti lokaorðið 15 mínútum fyrir leikslok.

Páll Rafnsson varð ekki bara markakóngur 4. deildar þetta sumar, heldur og deildakeppninnar allrar í Íslandsmótunum í karlaflokki. Skoraði 11 mörk í A-riðli og bætti síðan við sex mörkum í úrslitakeppninni. Íslandsmeistarar ÍR-inga voru Birgir Blomsterberg, Bragi Björnsson, Einar Svavarsson, Eyjólfur Sigurðsson, Guðmundur Björgvinsson, Guðmundur Magnússon, Halldór Halldórsson, Hlynur Elísson, Hrafn Loftsson, Karl Þorgeirsson, Knútur Bjarnason, Óðinn Svansson, Páll Rafnsson, Sigurfinnur Sigurjónsson, Sigurjón Magnússon, Vignir Sigurðsson, Þorleifur Óskarsson og Þorsteinn Magnússon markvörður. Gústaf Björnsson var þjálfari og spilaði einnig með liðinu.

Á hraðferð upp úr deildum

Hraðferðinni sem var á ÍR-liðinu árið áður linnti ekki 1986 og viðdvölin í 3. deild var því eins stutt og verið gat. Var mikið flug á ÍR-ingum á þessum tíma því þeir unnu fjórðu deildina árið áður. Skaust því liðið upp um tvær

Meistaraflokkur karla árið 1986 sem vann sig upp í 2. deild í fyrsta skipti í sögu knattspyrnudeildar ÍR. Talið frá vinstri í aftari röð: Þorkell Ragnarsson, gjaldkeri knattspyrnudeildar, Guðmundur Kolbeinsson aðstoðarþjálfari, Pétur Finnsson, Halldór Halldórsson, Birgir Blomsterberg, Óðinn Svansson, Hlynur Elísson, Páll Rafnsson, Sigurfinnur Sigurjónsson og Einar Ólafsson. Neðri röð frá vinstri: Magni Þórðarson, Þorleifur Óskarsson, Heimir Karlsson þjálfari, Karl Elí Þorgeirsson fyrirliði, Þorsteinn Magnússon, Guðjón Ragnarsson, Þorvaldur Steinsson og Einar Svavarsson.

deildir 1985 og 1986. Liðið var óstöðvandi á sigurgöngu sinni í 3. deildinni. Því urðu tímamót í knattspyrnusögu ÍR 28. ágúst 1986 er meistaraflokkur félagsins vann sæti í 2. deild, sem þá var næstefsta deild, með sigri í suðvesturriðli 3. deildar, eftir tvísýna keppni lengi vel við ÍK og Fylki. ÍR vann átta leiki af 12 og gerði tvö jafntefli. Tapaði aðeins tveimur viðureignum og vann riðilinn að lokum nokkuð örugglega. Var það glæsilegur árangur aðeins fjórum árum eftir að meistaraflokkur var endurreistur í ÍR.

Þrátt fyrir að sigurinn í deildinni yrði að endingu öruggur þótti nokkur spenna hlaupa í keppnina er ÍR tapaði 1:2 í næstsíðustu umferð fyrir Fylki. Allt þótti í hnút og spennan mikil fyrir

Reykjavíkurmeistarar í fimmta flokki karla árið 1986 undir stjórn Kjartans Ólafssonar þjálfara. Þarna má greina Kjartan Hrafn Kjartansson, sem er annar í neðri röð frá vinstri og Arnar Þór Valsson, sem er með bikarinn á milli markmannanna.

lokaumferðina. Fjölmiðlar spurðu sig hvort ÍR væri að missa af 2. deildinni eftir að hafa setið á toppnum lengi vel. Fræðilega gátu tvö önnur lið komist upp fyrir, en svo fór þó ekki, eins og að framan greinir.

Fyrir bragðið lék ÍR til úrslita við Leiftur frá Ólafsfirði um Íslandsmeistaratitilinn. Leikurinn fór fram á Akureyri og lengi vel leit út fyrir að liðið hefði sigur úr þeirri viðureign. Komst í 2:0 með mörkum úr skyndisóknum í fyrri hálfleik og var yfir í leikhléi en beið að lokum lægri hlut, 2:3.

Hér er fjórði flokkur karla árið 1986 eftir að hafa sigrað Ármann með sjö mörkum gegn engu. Þjálfarar eru þeir Guðjón Ragnarsson og Björn Gunnarsson. Meðal leikmanna á myndinni er Helgi Gunnarsson, sem er með boltann á milli markmannanna, en hann er bróðir Ólafs Þórs Gunnarssonar sem lengi lék í marki meistaraflokks ÍR.

Halldór Halldórsson kom ÍR yfir snemma í leiknum og Páll Rafnsson, markaskorarinn mikli, bætti öðru við rétt fyrir hlé. Útlitið var því bjart hjá ÍR-ingum og spil þeirra hafði verið heldur öruggara en Ólafsfirðinga í fyrri hálfleiknum. Þeir voru samkvæmt frásögn Morgunblaðsins þó ekki nægilega ákveðnir í seinni hálfleiknum; dölluðu þá og því fór sem fór. Ólafsfirðingar gáfust aldrei upp og skoruðu öll sín mörk í seinni hálfleik. Sigurmark þeirra skoraði Óskar Ingimundarson sem nokkrum árum seinna gerðist þjálfari ÍR-inga.

Leikmenn ÍR sem komu liðinu upp í aðra deild voru Birgir Blomsterberg, Bragi Björnsson, Eggert Sverrisson, Einar Ólafsson, Einar Svavarsson, Guðjón Ragnarsson, Halldór Halldórsson, Heimir Karlsson þjálfari og leikmaður, Hlynur Elísson, Karl Þorgeirsson, Magni Þórðarson, Óðinn Svansson, Páll Rafnsson, Pétur Finnsson, Sigurfinnur Sigurjónsson, Þorleifur Óskarsson markvörður, Þorsteinn Magnússon markvörður og Þorvaldur Steinsson.

Páll Rafnsson skoraði fyrsta mark ÍR í 2. deildinni gömlu

Sunnudaginn 17. maí árið 1987 rann upp stór stund í sögu knattspyrnudeildar ÍR. Þann dag lék meistaraflokkur sinn fyrsta leik í 2. deildinni gömlu. Mótherji var Einherji frá Vopnafirði og fór leikurinn fram í Laugardal. Eftir þessum degi höfðu allir ÍR-ingar beðið með eftirvæntingu frá árinu áður. Lauk leiknum með jafntefli, 1-1, en markalaust var í hálfleik. ÍR-ingar tóku forustu er Páll Rafnsson skoraði fyrsta mark ÍR í 2. deild. Áður en yfir lauk jöfnuðu gestirnir úr vítaspyrnu.

ÍR-liðið þótti koma nokkuð á óvart á fyrsta árinu í 2. deild. Framan af móti blandaði það sér í toppslaginn en gaf eftir á lokasprettinum. Í 12. umferð settist ÍR í efsta sæti deildarinnar með sigri á Víkingum 28. júlí 1987. Þjálfarinn og gamli Víkingurinn Heimir Karlsson skoraði markið sem tryggði ÍR sigurinn og efsta sætið. Því hélt liðið ekki nema í sólarhring eða þar til Leiftur náði því aftur, þó með sömu sigatölu og ÍR en betra markahlutfalli. ÍR vann ekki nema einn leik eftir þetta, af síðustu sex, og varð í mótslok um miðjan september í 8. sæti. Liðið hélt þar með sæti sínu í deildinni. Það var nokkuð sem enginn hafði þorað að segja fyrir um í byrjun keppnistímabilsins. Liðið lék 18 leiki í mótinu, vann sjö, gerði fjögur jafntefli en beið ósigur í sjö. Skoraði 33 mörk en fékk á sig 34. ÍR-liðið gat og státað af því að eiga markahæsta leikmann deildarinnar á fyrsta ári sínu í henni. Þar var á ferðinni þjálfarinn Heimir Karlsson sem skoraði 16 mörk um sumarið, eða tæpt mark á leik.

Leikmenn ÍR á fyrsta ári félagsins í 2. deildinni voru Birgir Blomsterberg, Björn Sverrisson, Bragi Björnsson, Einar Ólafsson, Geir Magnússon, Guðjón Ragnarsson, Gunnlaugur Kristfinnsson, Gylfi Guðlaugsson, Halldór Halldórsson, Haukur Ragnarsson, Heimir Karlsson, Hlynur Elísson, Jón G. Bjarnason, Jón Þór Eyjólfsson, Karl Elí Þorgeirsson, Knútur Bjarnason, Kristján Halldórsson, Páll Rafnsson, Sigurfinnur Sigurjónsson, Þorleifur Óskarsson markvörður, Þorsteinn Magnússon markvörður og Þorvaldur Steinsson.

11 ár í 2. deild og björguðu sér oft ævintýralega

Það átti fyrir ÍR að liggja að keppa í annarri deildinni gömlu 11 keppnistímabil, eða 1986–1997 er félagið vann sig upp í efstu deildina. Reyndar munaði ekki miklu að ÍR kæmist upp í efstu deild 1988. Margir höfðu spáð liðinu falli og það átti í erfiðleikum í fyrri umferðinni. Tók sér síðan tak og var mikill kraftur í liðinu í seinni hluta mótsins. „ÍR-ingar luku tímabilinu áhyggjulaust og með sóma og virðast hafa fest sig í sessi í deildinni," segir í bókinni Íslensk knattspyrna um árangur ÍR. Undir stjórn Heimis Karlssonar þjálfara vann ÍR-liðið átta leiki, gerði tvö jafntefli og hlaut 26 stig. Úrvalsdeildin var lengi vel í seilingarfjarlægð, en þegar upp var staðið var ÍR í þriðja sæti. Var það besta ár liðsins uns það komst upp úr 2. deildinni á afmælisárinu 1997.

Bragi Björnsson kaupmaður var einn af lykilmönnum í meistaraflokki karla á 9. áratugnum. Hér tekur hann á móti viðurkenningu sem leikmaður ársins 1986. Bragi þjálfaði meistaraflokk um tíma en hefur á síðustu árum verið formaður meistaraflokksráðs karla.

Ekki tókst að virkja þennan góða árangur til frekari frama næstu árin. Strax árið eftir var ÍR lengst af í bullandi fallhættu. Og það þrátt fyrir að hafa endurheimt markaskorarann mikla, Tryggva Gunnarsson, eftir þriggja ára dvöl hjá öðrum félögum. Tryggvi var maður fyrstu umferðarinnar og hélt upp á það að leika að nýju með ÍR með því að skora þrennu gegn nýliðum Einherja frá Vopnafirði.

Hér eru ánægðir ÍR-ingar árið 1989: Frá vinstri: Tryggvi Gunnarsson, markakóngur meistaraflokks, Theodór Guðmundsson þjálfari og Hörður Theodórsson, leikmaður ársins hjá ÍR árið 1989.

Ef undan er skilið árið 1990 er ÍR var í fjórða sæti háði liðið lengst af harða baráttu fyrir tilveru sinni í deildinni uns það komst í efstu deild. Áttunda sæti varð hlutskipti þess 1987, 1989, 1992 og 1993 og sjöunda sætið 1991 og 1994.

ÍR-liðinu gekk erfiðlega í byrjun mótsins 1990. Og það þrátt fyrir að til liðs við félagið væri kominn markaskorarinn Snorri Már Skúlason úr Skotfélagi Reykjavíkur. Fyrstu þrír leikirnir töpuðust og liðið fékk loks sín fyrstu stig með 1:0-sigri á Grindavík í þeim fjórða. ÍR tapaði á ný í fimmtu umferð og fyrir vikið blandaði liðið sér aldrei af alvöru í baráttu um efstu sætin. Eftir fimm fyrstu umferðirnar voru allir búnir að spá liðinu falli í 3. deild, en þá hafði það aðeins fengið þrjú stig af 15 mögulegum. Þegar mótið var hálfnað var ÍR í 5. sæti með 12 stig. Að lokum hafnaði það í 4. sæti með 26 stig. Vann átta leiki af 18 og gerði tvö jafntefli. Var það í raun nákvæmlega sama uppskera og tveimur árum áður.

Árið eftir, 1991, varð uppskeran eins og 1988 og 1990. Átta leikir unnust, jafnteflin tvö og stigin 26 en þau dugðu þó aðeins til sjöunda sætis. Njáll Eiðsson hafði verið endurráðinn þjálfari ÍR og spilaði með liðinu. Bragi Björnsson fyrirliði ÍR var maður fyrstu umferðarinnar er hann gerði öll mörkin í 4:0-sigri ÍR á Selfyssingum á Selfossi. Sóknin var aðal liðsins og framlínumennirnir duglegir að skora. Varnarleikurinn var hins vegar ekki eins góður og því varð liðið um miðja deild.

Tíð þjálfaraskipti hjá meistaraflokki

Þjálfaraskipti voru tíð á tíunda áratugnum hjá meistaraflokki. Lengst var þó Njáll Eiðsson við stjórnvölinn, þó ekki samfellt. Bestum árangri náði liðið undir hans stjórn, m.a. stýrði hann því upp í úrvalsdeildina 1997. Magnús Einarsson tók við liðinu 1992 en hann byrjaði ungur að þjálfa hjá ÍR. Var aðeins 14 ára gamall er hann þjálfaði 5. flokk ÍR og kom um dagana að þjálfun nánast allra flokka félagsins. Þrátt fyrir

gífurlega þekkingu sína á knattspyrnu tókst honum ekki að búa til gott lið og koma ÍR upp í fyrstu deildina gömlu. Hafði þó úr að spila blöndu eldri leikmanna, nýrra aðfenginna leikmanna og pilta sem voru nýkomnir upp úr 2. flokki félagsins.

Í byrjun móts gekk ÍR-liðinu mjög vel. Eftir fimm umferðir höfðu tveir leikir unnist og þremur lyktað með jafntefli. Liðið var í þriðja sæti með níu stig. En þá datt botninn úr og fékk ÍR jafnmörg stig úr umferðunum 13 sem eftir voru. Hafnaði liðið í áttunda sæti í 2. deild af 10 liðum og fékk aðeins 18 stig, sem var lægsti stigafjöldi sem það hafði unnið á árunum sex í deildinni fram að þessu.

Það var ekki aðeins við mótbyr að etja innan vallar, heldur þurftu ÍR-ingar að takast á við mótherja sína í dómssölum knattspyrnunnar þetta sumar. Þar höfðu þeir ætíð sigur. Fyrst var úrskurðað á tveimur dómsstigum að úrslit í leik ÍR og Leifturs, sem ÍR vann 2:1, skyldu standa. Leiftur kærði þar sem tveir leikmenn ÍR, sem voru í leikbanni, voru skráðir á leikskýrslu sem liðsstjórnendur. Dómstóllinn sagði þá ekki hafa haft áhrif á leikinn. Þessari niðurstöðu áfrýjuðu Leiftursmenn en henni var vísað frá er þeir mættu ekki fyrir dóminn er dómstóll KSÍ tók málið fyrir. Styrkti niðurstaðan stöðu ÍR í fallbaráttunni fyrir síðustu umferðina. ÍR-ingar björguðu sér síðan frá falli með 1:0-sigri á Grindavík í Grindavík í lokaumferðinni, 12. september. Þann leik kærðu svo Víðismenn á þeim forsendum að ÍR-ingarnir tveir sem voru í banni gegn Leiftri hefðu átt eftir að taka út leikbann og því verið ólöglegir það sem eftir var mótsins.

Meistaraflokkur karla árið 1990. Þarna eru í aftari röð frá vinstri: Njáll Eiðsson þjálfari, Benedikt Einarsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Skúli Hallgrímsson, Jón Þór Eyjólfsson, Ingvar Guðfinnsson, Kristófer Ómarsson og Guðjón Ragnarsson. Neðri röð frá vinstri: Lánsmaður frá Þrótti Neskaupstað, Guðbjartur Magnason, Guðjón Jóhannesson, Þorleifur Óskarsson, Bragi Björnsson, Kristján Halldórsson og Óðinn Svansson.

Kærunni var vísað frá héraðsdómstól Suðurnesja en hefði hún verið tekin til greina hefði ÍR fallið en Víðismenn setið áfram í deildinni.

Nú töldu ÍR-ingar sig horfa fram á betri tíma með bættri aðstöðu, m.a. með tilkomu nýs félagsheimilis sem hafin var bygging á 1992, en það var tekið í notkun að hluta árið eftir. „Þar með hefur langþráður draumur okkar ræst, og vonandi verður þessi bygging aðeins einn þátturinn í alhliða uppbyggingarstarfi félagsins. Lengi hefur aðstöðuleysi verið kennt um þegar menn standa frammi fyrir lélegum árangri í keppni. Nú verður slík afsökun úr sögunni innan tíðar. Við skulum aldrei láta annað hvarfla að okkur en að sú bygging sem sjáanlega er hafin í Suður-Mjódd sé einungis byrjun á markvissri

Meistaraflokkur 1990 innanhúss sem vann sig upp í 1. deild í fyrsta skipti. Efri röð frá vinstri: Björn Gunnarsson aðstoðarþjálfari, Jón G. Bjarnason, Lúðvík Þorgeirsson, Kristján Halldórsson, Karl Elí Þorgeirsson, Kristófer Ómarsson, Einar Ólafsson og Theodór Guðmundsson þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Eggert Sverrisson, Tómas Björnsson, Þorleifur Óskarsson, Bragi Björnsson, Þorsteinn Magnússon og Hörður Theodórsson.

uppbyggingu allrar starfsemi okkar, því með þróttmiklu starfi getum við náð miklum árangri. Við vitum það fullvel að efniviðurinn er til staðar, það er okkar að sjá til þess að hann nái að blómstra," segir Þorbergur Halldórsson, formaður knattspyrnudeildarinnar, í blaði deildarinnar í árslok 1992.

Nýr þjálfari, Óskar Ingimundarson, tók við ÍR-liðinu og ætlaði að snúa þróuninni við 1993. En það fór á annan veg og fallhættan var aldrei eins mikil og þetta ár. Liðið slapp með því að vinna einu stigi fleira en það sem varð í níunda sæti. ÍR vann ekki leik í seinni umferð mótsins og fékk þá aðeins þrjú stig. Litlu munaði annað árið í röð að liðið félli en fyrirliðinn brást ekki á ögurstundu. Bragi Björnsson tryggði ÍR áframhaldandi sæti í deildinni er hann skoraði jöfnunarmark, 2:2, með skalla á lokamínútu deildarinnar gegn Stjörnunni í Garðabæ.

Leik frestað vegna snjókomu í júní

Við ramman reip var einnig að draga 1994. Var það ef til vill táknrænt fyrir mótlætið á vertíðinni að þriðja leik ÍR – gegn Þrótti í Neskaupstað 4. júní – varð að fresta vegna óvæntrar snjókomu í Norðfirði. Fyrir vikið voru vallarskilyrði óhagstæð til keppni. ÍR tapaði þremur fyrstu leikjum sínum stórt og fékk ekki rönd við sóknarleik mótherjanna reist. Ögmundi Kristinssyni, sem tók við af Óskari haustið 1993, var sagt upp en við þjálfuninni tók Heimir Karlsson sem stýrði liðinu upp í deildina 1986.

ÍR hafði oft staðið tæpt en eftir tapleikina þrjá stóru voru flestir búnir að afskrifa liðið.

Í þeirri stöðu hafði liðið verið oft áður en jafnan klórað í bakkann og haldið sér í deildinni. Hið sama gerðist að þessu sinni, en þó bjargaði ÍR sér eiginlega ekki frá falli í 3. deild fyrr en á síðustu sekúndum deildarkeppninnar. Vann liðið þrjá síðustu leikina og fræknastur var 3:2-sigur á Víkingi í lokaleiknum. ÍR var skyndilega orðið tveimur mörkum undir, 0:2. Enes Cogic jafnaði hins vegar 10 mínútum fyrir leikslok og á lokamínútunni skoraði Guðmundur H. Pétursson sigurmark ÍR og kórónaði góðan endasprett liðsins, sem fyrir vikið varð í sjöunda sæti af 10. Við ÍR-liðinu blasti því níunda vertíðin í næstefstu deild og Heimir Karlsson var ráðinn til að þjálfa það áfram.

Í blaði sem gefið var út í tengslum við vígslu ÍR-heimilisins við Skógarsel í mars 1995 sagði Kristinn Helgi Gunnarsson, formaður knattspyrnudeildar, að félagsmiðstöðin myndi breyta miklu og ÍR-ingar yrðu senn stórveldi í knattspyrnu. „Við munum komast í 1. deild [þá efstu] hvort sem það verður á þessu ári eða næsta," sagði Kristinn og bætti við að ÍR-ingar hefðu fyrst verið teknir alvarlega í fótboltanum 1986, þegar þeir komust upp úr 3. deild.

Félaginu hafði ekki gengið vel næstu árin á undan, verið í mikilli fallbaráttu næstefstu deildar í þrjú ár, 1992–94. Hafði best náð fjórða sæti frá 1986 en stefndi nú með hinni bættu aðstöðu í efri sæti deildarinnar. Og þrátt fyrir liðsauka frá öðrum félögum og frá Bosníu rættist von Kristins Helga um sæti í efstu deild ekki að sinni. Annað árið í röð vann ÍR nokkurs konar varnarsigur; hélt sér með naumindum í deildinni eftir brösugt gengi framan af. „ÍR-ingar eru sérfræðingar í að bjarga sér frá falli og það gerðu þeir enn eina ferðina. Þeir voru afskrifaðir í byrjun, og aftur þegar leið á mótið, en reynslan sýnir að slíkt er ekki hægt þegar ÍR á í hlut," segir í árbókinni Íslensk knattspyrna 1995 um gengi ÍR-liðsins.

Liðið tapaði fyrstu fjórum leikjunum og slapp úr fallhættu með jafntefli við Víkinga í 17. og næstsíðustu umferð. Lokaleiknum tapaði ÍR 1:3 gegn KA á Akureyri. Hann er hins vegar markverður sakir þess að Ólafur Þór Gunnarsson markvörður ÍR brá sér í sóknina á lokakafla leiksins og skoraði eina mark liðsins. Heimir Karlsson

Meistaraflokkur karla árið 1993. Talið frá vinstri í efri röð: Viktor Edvardsson, Guðjón Ragnarsson, Kristján Halldórsson, Magni Þórðarson, Guðlaugur Baldursson, Tryggvi Gunnarsson, Jón Þór Eyjólfsson, Kristófer Ómarsson, Benedikt Einarsson, Pétur Bjarnason, Óli Sigurjónsson, Sveinn Ögmundsson, Gunnar Gunnarsson og Björn Gunnarsson aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Kjartan Hrafn Kjartansson, Björn Axelsson, Tómas Björnsson, Þorsteinn Magnússon, Bragi Björnsson fyrirliði, Þorleifur Óskarsson, Þorri Ólafsson, Heiðar Ómarsson og Einar Einarsson. Á myndina vantar Óskar Ingimundarson þjálfara.

þjálfaði liðið fram í júní en hvarf þá til annarra starfa. Tóku Bragi Björnsson og Kristján Guðmundsson við af honum. Þeir þóttu skila góðu verki og flokkurinn hélt sæti sínu í annarri deild. Kristján Guðmundsson tók svo einn við þjálfun meistaraflokks í október.

Mikill metnaður var í starfsemi knattspyrnudeildarinnar á þessum tíma, svo sem bæði fyrr og síðar. Var nú svo komið 1995 að eingöngu lærðir menn sáu um þjálfun hjá félaginu. Önnuðust íþróttakennarar þjálfun allra yngri flokkanna og að baki þeim störfuðu öflug foreldrafélög. Deildin taldi sig ekki hafa efni á að taka þátt í kapphlaupi um dýra leikmenn, hugðist treysta til skamms tíma og lengri á þann kjarna sem í félaginu var.

Sumir geta bara ekki hætt að leika knattspyrnu því það er svo gaman. Hér er öldungaflokkur ÍR sem vann Pollamótið á Akureyri árið 1994. Talið frá vinstri í efri röð Jón G. Bjarnason, Páll Rafnsson, Guðmundur Björgvinsson, Páll Þór Kristjánsson og Sigurður Sigurgeirsson. Neðri röð frá vinstri: Karl Elí Þorgeirsson, Sigurfinnur Sigurjónsson, Birgir Blomsterberg og Svanur Kristinsson.

Íslandsmeistarar eldri flokks 1995

Þótt ekki gengi í 2. deildinni sem væntingar stóðu til höfðu ÍR-ingar ærna ástæðu til að fagna góðum árangri 1995. Gerði elsti flokkurinn sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í eldri flokki í fyrsta sinn í sögu félagsins. Þarna var um að ræða svonefndan „old boys"-flokk ÍR-inga, menn sem elst höfðu og þyngst upp úr meistaraflokki eða hægt á púlinu og alvörunni sem verunni þar fylgdi. Til úrslita léku ÍR-ingar við Fylki og Val. Jafntefli varð í viðureigninni við Fylki en sigur vannst á Val og hlaut ÍR því sigur á markatölu. ÍR-ingar höfðu áður unnið sinn riðil með 16 stigum, unnu fimm leiki af sex og gert eitt jafntefli.

Íslandsmeistaralið ÍR í eldri flokki skipuðu Ágúst Guðmundsson, Benedikt Einarsson, Birgir Blomsterberg, Bjarni Sverrisson, Einar Ólafsson, Einar Svavarsson, Gunnar Sigurðsson, Hlynur Elísson, Hrafn Loftsson, Jón G. Bjarnason, Jónas Sigurðsson, Karl Þorgeirsson, Páll Kristinsson, Páll Rafnsson, Sigurfinnur Sigurjónsson, Snorri Már Skúlason, Svanur Kristvinsson, Sævar Bjarnason, Tryggvi Gunnarsson, Valdimar Guðmundsson og Þorsteinn Magnússon.

Tíunda ár ÍR-inga í 2. deildinni fór ekki vel af stað. Útlitið var býsna svart eftir fimm fyrstu umferðirnar. Liðið tapaði leikjum sínum öllum og skoraði ekki mark fyrr en í sjöttu umferð. Og þá munaði ekki um það því mörkin urðu þrjú á fyrstu 20 mínútunum og 3:2-sigur vannst á Leikni í nágranna- og botnslag. Í níundu umferðinni tefldi ÍR fram tveimur leikmönnum sem fengnir höfðu verið að láni frá enska úrvalsdeildarliðinu Derby County, varnarmanninum Ian Ashbee og sóknarmanninum Will Davies, en þeir komu til landsins 19. júlí er mótið var hálfnað. Þetta hreif því ÍR komst á sigurbraut og mörkin létu ekki lengur á sér standa. Liðið sem byrjað hafði mótið svo illa og verið langneðst um tíma bjargaði sér á hefðbundinn hátt. „ÍR-ingar virðast hafa þann eiginleika að geta snúið bökum saman þegar mest á reynir og sú seigla bjargaði þeim enn og aftur," segir í árbók knattspyrnunnar 1996.

Tíu vertíðir voru að baki í næstefstu deildinni og framundan var 90 ára afmælisár ÍR. Njáll Eiðsson var ráðinn til að þjálfa liðið á ný 1997.

Á skotskóm sumarið 1997 og unnu sig upp í úrvalsdeild

Knattspyrnumenn ÍR gáfu félagi sínu gleðilega gjöf á 90 ára afmælisári félagsins er þeir urðu í öðru sæti 1. deildar Íslandsmótsins. Með því skipaði ÍR sér á bekk með bestu knattspyrnufélögum landsins og öðlaðist þátttökurétt í úrvalsdeildinni árið eftir, 1998. Er það besti árangur félagsins á knattspyrnusviðinu frá því íþróttin var endurvakin innan félagsins 1970 en frá þeim tíma hefur knattspyrna verið stunduð óslitið innan ÍR.

ÍR-ingarnir komu verulega á óvart með árangri sínum. Og þeir byrjuðu strax í fyrstu umferð að rugla sérfræðinga í ríminu með því að leggja Fylki að velli, 1:0. Liðið tapaði fyrir FH í annarri umferð en vann síðan hvern leikinn af öðrum og var í öðru sæti deildarinnar allt þar til í 10. umferð er það beið lægri hlut í útileik gegn Fylki.

ÍR-ingar – og þá einkum Kristján Brooks – voru yfirleitt á skotskóm þetta sumar. Þó aldrei eins og gegn Reyni úr Sandgerði í 7. umferð og gegn Dalvík í 8. umferð. Leikirnir fóru báðir fram í Breiðholtinu og unnust samtals 13:0. Þar af urðu Sandgerðingar að sækja knöttinn átta sinnum í eigið mark. Í bókinni „Íslensk knattspyrna 1997" segir að ÍR-ingar hafi unnið ótrúlegan sigur á Reyni sem þó hafi sótt meira framan af leik. En eftir tvö mörk ÍR-inga á jafn mörgum mínútum hafi mótspyrnan brostið og ÍR hefði hæglega getað skorað fleiri mörk en átta.

ÍR komst í annað sætið á ný með mikilvægum heimasigri á FH í 11. umferðinni. Þeir þóttu heppnir í næstu umferð að vinna Víking 2:1 í Fossvogi. ÍR-ingar komust í 2:0 eftir hálftíma en einstefna var af hálfu heimamanna úr Víkingi að ÍR-markinu í seinni hálfleik. Gátu ÍR-ingar þakkað sigurinn Ólafi Gunnarssyni markverði sem varði vítaspyrnu undir lok leiks.

Öldungar hafa verið öflugir hjá ÍR á undanförnum árum. Hér er lið sem vann Íslandsmeistaratitilinn árið 1995. Þar eru margir sem áður höfðu leikið lengi í meistaraflokki ÍR eða komið nálægt starfi ÍR í gegnum árin. Menn úr öldungaflokki hafa t.d. verið við öryggisgæslu á heimaleikjum meistaraflokks karla í mörg ár.

Fáeinir erlendir leikmenn hafa leikið með ÍR síðustu árin. Hér eru tveir leikmenn sem Kristján Guðmundsson, þáverandi þjálfari meistaraflokks karla, sótti til uppáhaldsliðs síns í ensku knattspyrnunni, Derby County, sumarið 1996. Þeir eru frá vinstri Will Davies og Ian Ashbee, sem lék síðan m.a. með Hull City og var fyrirliði þess liðs.

ÍR ætíð með í afar jafnri og tvísýnni keppni um efstu sætin

Keppnin um efstu tvö sætin í deildinni var afar jöfn og tvísýn þótt ÍR héldi sig þar lengst af. Í álinn syrti í 15. umferð af 18 er helstu keppinautarnir, Þróttur, Breiðablik og FH, unnu sína leiki. ÍR steinlá 1:5 fyrir Breiðablik, sem með sigrinum komst upp fyrir ÍR sem féll því niður í þriðja sæti. FH var í því fjórða með jafnmörg stig og spennan í algjöru hámarki á endasprettinum.

Röð liðanna hélst óbreytt í 16. og 17. umferðinni. Í æsispennandi 18. og síðustu umferðinni skaust ÍR hins vegar upp í annað sætið og tryggði sér í fyrsta sinn sæti í úrvalsdeild. Liðið vann stórsigur á KA, 4:1, eftir að hafa verið undir 0:1 nær allan fyrri hálfleik. Arnljótur Davíðsson gerði hins vegar tvö mörk rétt hvorum megin leikhlés og við það efldust ÍR-ingar og voru óstöðvandi eftir það. Ásbjörn Jónsson og Kristján Halldórsson létu kné fylgja kviði með tveimur mörkum til viðbótar í seinni hálfleik.

Sjaldan mun keppnin um sæti í úrvalsdeildinni hafa verið jafntvísýn og undir lok 1. deildar keppninnar 1997. Fjögur lið bitust um sætin tvö. Breiðablik átti mesta möguleika á að fylgja Þrótti upp en fataðist flugið og varð að sætta sig við jafntefli í lokaumferðinni. Þegar sú niðurstaða fréttist í Breiðholtið stigu ÍR-ingar stríðsdans á félagssvæði sínu þar sem úrvalsdeildarsætið var þeirra. Fylgdu þeir Þrótti upp í efstu deild en eftir sátu FH-ingar með sárt ennið.

Óvænt niðurstaða; ævintýrin gerast enn

„ÍR upp“ sagði í risafyrirsögn í frásögn DV af lokaumferð deildarkeppninnar. „Þetta eru örugglega óvæntustu úrslitin í boltanum í sumar,“ sagði Njáll Eiðsson þjálfari við blaðið. Hann var hálfklökkur, sagði blaðið, og ÍR-ingar ekki alveg búnir að ná sér niður eftir ótrúlega spennu í Skógarseli á lokamínútunum. Njáll sagði sína menn hafa lagt áherslu á að klára sinn leik en ekki hugsa um hina tvo, sem hlýtur að hafa verið erfitt í ljósi þess sem mögulegt var á afmælisárinu. „Nú þegar þessi ótrúlegi árangur er í höfn ætlum við að fagna honum um stund og geyma það eitthvað að hugsa um framhaldið sem verður þó örugglega ekki síður skemmtilegt en sumarið í sumar,“ sagði Njáll einnig við DV.

Meistaraflokkur karla árið 1997 sem vann sig upp í efstu deild í fyrsta sinn. Efsta röð frá vinstri: Kjartan Hrafn Kjartansson, Björn Gunnarsson aðstoðarþjálfari, Hjalti Þorvarðarson, Kristófer Ómarsson, Axel Benediktsson, Sturla Ómarsson, Jón Þór Eyjólfsson og Njáll Eiðsson þjálfari. Miðröð frá vinstri: Stefán Jóhann Stefánsson formaður knattspyrnudeildar, Ásbjörn Jónsson, Lárus Ísfeld, Kristján Halldórsson, Bjarki Már Hafþórsson, Brynjólfur Bjarnason, Magni Þórðarson, Kristján Brooks, Bjarni Gaukur Sigurðsson, Sigurður Arnþórsson gjaldkeri og Gunnar Ólafsson formaður meistaraflokksráðs. Neðsta röð frá vinstri: Arnljótur Davíðsson, Guðjón Þorvarðarson, Þorleifur Óskarsson, Magnús Þór Jónsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Tómas Björnsson og Arnar Þór Valsson. Á myndina vantar Óla H. Sigurjónsson.

„Ævintýrin gerast enn“ sagði í fyrirsögn Morgunblaðsins um hina æsispennandi lokaumferð og var þar skírskotað til árangurs ÍR-liðsins. „ÍR-ingar spila í efstu deild karla í knattspyrnu að ári, í fyrsta sinn í sögu félagsins. Fáir hefðu veðjað á ÍR-inga í upphafi móts en þeir komu öllum á óvart og tryggðu sér sæti í efstu deild með sannfærandi sigri á KA, 4:1. Lokamínúturnar voru rafmagnaðar á ÍR-vellinum þar sem stuðningsmenn ÍR biðu í ofvæni tíðinda úr leik Breiðabliks og Fylkis og þegar ljóst var að Blikar hefðu ekki náð að knýja fram sigur braust út gríðarlegur fögnuður meðal áhorfenda og leikmanna. Hið ótrúlega hafði gerst; ÍR var komið í efstu deild. Leikurinn var fjörugur og opinn frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Strax á 2. mínútu skaut Guðjón Þorvarðarson yfir mark KA úr dauðafæri eftir góðan undirbúning Kristjáns Brooks. Nokkrum mínútum síðar kom Steingrímur Eiðsson KA yfir með mjög góðu marki og ekki blés byrlega fyrir ÍR-ingum. En þeir efldust við mótlætið og tóku öll völd á vellinum,“ sagði blaðið.

Fylgdist með mótherjunum í farsíma aftan við varamannabekk ÍR

Eftir að Kristján Halldórsson hafði skorað fjórða mark ÍR um stundarfjórðungi fyrir leikslok voru úrslit leiksins ráðin og athygli allra beindist að leiknum í Kópavogi. Fyrir aftan varamannabekk ÍR-inga stóð Gunnar Ólafsson, formaður meistaraflokksráðs, með farsíma í hendi og fylgdist með leiknum í Kópavogi. ÍR-ingar fögnuðu í leikslok en mesti fögnuðurinn braust þó út mínútu síðar þegar þau tíðindi bárust að leiknum í Kópavogi hefði lokið með jafntefli. Leikmenn hófu Njál þjálfara á loft og „tolleruðu“ nokkrum sinnum. „Andrúmslofið var blandað vantrú og gleði og leikmenn jafnt sem stuðningsmenn féllust í faðma,“ sagði Morgunblaðið. Og bætti við að ÍR-ingar hefðu verið vel að sæti sínu komnir. „Þeir hafa sýnt ákveðinn stöðugleika í sumar og verið við toppinn allt mótið. Liðið er skipað ágætum einstaklingum en fyrst og fremst var það liðsheildin sem skóp árangurinn. Ljóst er, að Njáll Eiðsson hefur náð frábærum árangri með liðið. Eftir að hafa með naumindum bjargað sér frá falli í fyrra bjuggust fáir við stórafrekum þess í sumar en raunin hefur orðið önnur,“ lauk Morgunblaðið frásögn sinni.

ÍR hlaut alls 39 stig í deildinni, vann 12 leiki, þremur lauk með jafntefli

og þrír töpuðust. Varð ÍR aðeins einu stigi á eftir Þrótti þegar upp var staðið en FH og Breiðablik hlutu einnig 39 stig svo keppnin gat ekki verið jafnari. Niðurstaðan var því enn sætari fyrir ÍR-inga á afmælisárinu. Skoruðu ÍR-ingar fleiri mörk en nokkurt annað lið í deildinni eða 50. Til að kóróna frammistöðuna varð Kristján Brooks, hinn skæði sóknarmaður ÍR-inga, markahæstur allra í deildinni, skoraði 19 mörk. Var það í annað sinn á áratug sem ÍR-ingar eiga markahæsta mann, það afrekaði Heimir Karlsson 1987. Á afmælisárinu varð og Guðjón Þorvarðarson í fimmta sæti yfir markaskorara með átta mörk.

Sigurstund. Leikmenn meistaraflokks karla fagna haustið 1997 þegar ljóst var að þeir höfðu unnið sér inn sæti í efstu deild að ári. Þarna má m.a. sjá, frá vinstri Kristján Brooks, Magnús Þór Jónsson, Lárus Ísfeld, Þorleif Óskarsson, Tómas Björnsson og Arnljót Davíðsson.

Leikmenn meistaraflokks sem skipaði sér á bekk með þeim bestu 1997 voru Arnar Þór Valsson, Arnljótur Davíðsson, Axel Benediktsson, Ásbjörn Jónsson, Bjarki Már Hafþórsson, Bjarni Gaukur Sigurðsson, Brynjólfur Bjarnason, Guðjón Þorvarðarson, Hjalti Þorvarðarson, Jón Þór Eyjólfsson, Kjartan Rafn Kjartansson, Kristján Brooks, Kristján Halldórsson, Kristófer Ómarsson, Lárus Ísfeld, Magni Þórðarson, Magnús Þór Jónsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Óli H. Sigurjónsson, Sturla Ómarsson, Tómas Björnsson og Þorleifur Óskarsson.

Stimplaðir loftbóla en héldu sínu striki

ÍR-liðið var að ljúka sínu 11. tímabili í næstefstu deild og hafði oftast orðið að taka á honum stóra sínum til að halda þar velli. „En nú varð kúvending í Breiðholtinu. ÍR-ingar byrjuðu vel, voru strax stimplaðir loftbóla en héldu sínu striki. Eftir 1:5-skell gegn Blikum virtist draumurinn úti en með mikilli seiglu og reynslu úr fallbaráttu síðustu ára kláruðu ÍR-ingar dæmið. Við þeim blasir erfitt en skemmtilegt verkefni. Starf yngri flokka félagsins hefur verið blómlegt og nú er að sjá hvort ÍR tekst að festa sig í sessi," sagði í bókinni „Íslensk knattspyrna 1997" um frammistöðu ÍR-inga.

Við ÍR-liðinu blasti mikil áskorun og jafnframt tilhlökkun að spila í efstu deild. Árangurinn var og lyftistöng fyrir starfsemi knattspyrnudeildarinnar í Breiðholti og fyrir félagið í heild. „Ég er auðvitað stórkostlega ánægður með árangurinn í sumar. Markmiðið var að gera betur en í fyrra og það tókst og gott betur. Nú tekur nýtt verkefni við og það er mikil áskorun fyrir okkur ÍR-inga að spila í efstu deild," sagði Gunnar Ólafsson, formaður meistaraflokksráðs, kampakátur að leik loknum við Morgunblaðið.

„Það er stórkostleg tilfinning að tryggja sér sæti í efstu deild. Við bjuggumst ekki við þessum árangri. Við settum stefnuna í byrjun á að vera fyrir ofan miðja deild en þegar leið á mótið sáum við, að við áttum möguleika og þá settum við stefnuna upp," sagði Kristján Brooks, hinn skæði framherji ÍR. Markaskorarinn mikli kvaðst hlakka til að kljást við varnarmennina í efstu deild að ári.

„Þetta er ótrúleg tilfinning. Það eru allt of fáar svona stundir á ferlinum. Ég verð að játa það, að ég bjóst ekki við þessu í vor eftir að við höfðum tapað níu leikjum í deildarbikarnum og Reykjavíkurmótinu. En við erum með jafnt og gott lið, góðan þjálfara og umgjörðin er góð. Þetta er lykillinn að árangrinum. Ég held að þetta sé aðeins byrjunin hjá félaginu. Við verðum að leggjast undir feld og undirbúa okkur vel, þá getur allt gerst," sagði fyrirliðinn Kristján Halldórsson, sem sá þarna ávöxt þess að hafa spilað gegnum alla flokka ÍR.

Í viðtali við Morgunblaðið sagði Stefán Jóhann Stefánsson, formaður knattspyrnudeildar ÍR, fyrst og fremst ánægju og gleði bærast í brjósti sínu. „Við höfum verið í hópi efstu liða alveg frá fyrstu umferð. Nú þurfum við að þétta hópinn og fá fleiri til liðs við okkur, því það er ekki auðvelt verkefni framundan. Ég hef fulla trú á því, að við eigum eftir að standa okkur vel í efstu deild." Stefán sagði þennan árangur hafa gríðarlega þýðingu fyrir félagið: „Þetta kemur til með að hafa mikil áhrif á íþróttalíf hér í Breiðholtinu," sagði formaðurinn á þessum miklu tímamótum.

Dugnaður og barátta ÍR-inga kom á óvart en vistin í úrvalsdeild varð ekki löng

Miðað við alla forsöguna og árangur félagsins á öðrum sviðum mætti segja að það væri eðlilegt að ÍR væri á bekk meðal þeirra bestu í knattspyrnu sem öðrum íþróttum. Þar voru ÍR-ingar sumarið 1998 og framan af keppnistíðinni stóð liðið sig vel og horfurnar góðar. Liðinu hafði verið spáð hörmulegu gengi af sérfræðingum en þær spár voru byggðar á sandi. Þegar á vertíðina leið seig hins vegar á ógæfuhliðina. Með jafntefli í þremur síðustu leikjunum fjöruðu möguleikar þess út. Einungis sigur á Skagamönnum í lokaleiknum hefði dugað til að halda velli í deildinni. Honum lauk einnig með jafntefli og því varð vist ÍR-inga í efstu deild fótboltans ekki varanleg.

Fjölmiðlar voru á einu máli um að með baráttu og dugnaði hefðu leikmenn ÍR komið á óvart í deildinni. Um það vitnar árangur leikmanna í einkunnagjöf dagblaðanna. Ólafur Þór Gunnarsson markvörður varð þriðji í einkunnagjöf DV með 17 svonefnda bolta en efsti maður hlaut 19. Ólafur var efstur og jafn tveimur öðrum fyrir lokaumferðina. Hann var fjórum sinnum valinn maður leiksins en aðeins þrír voru jafnoft valdir eða oftar.

Í einkunnagjöf Morgunblaðsins varð Ólafur Þór næstefstur með 23 svonefnd M eða einu færra en sá er efstur varð. Hann var ásamt Kristjáni Halldórssyni í svonefndu M-liði Morgunblaðsins yfir alla vertíðina, en Kristján hlaut 15 M. ÍR-liðið varð í þriðja til fjórða sæti úrvalsdeildarliðanna 10 í svonefndri M-keppni Morgunblaðsins. Hlutu 15 leikmenn ÍR alls 101 M eða jafnmörg og 17 leikmenn ÍA. KR-liðið fékk 109 M en meistarar ÍBV voru í sérflokki með 158.

ÍÞRÓTTIR
Morgunblaðið
KNATTSPYRNA
Markvörður og markahrókur
Þennan á ég
ÓLAFUR Þór Gunnarsson, markvörður ÍR-inga, hefur staðið sig mjög vel í sumar. Hér á myndinni sýnir hann kraft, styrk og öryggi er hann stekkur hátt í loft upp og gómar knöttinn örugglega. Veðgert Ólafur Þór?

Blaðaúrklippa úr Morgunblaðinu frá sumrinu 1998. Ólafur Þór Gunnarsson, markmaður ÍR, hlaut góða dóma hjá íþróttafréttamönnum. Hér grípur hann knöttinn örugglega, en Magni Þórðarson (til vinstri) og Bjarni Gaukur Sigurðsson (til hægri) eru við öllu búnir.

Að einu leyti – en sá heiður verður að teljast vafasamur – varð ÍR-liðið hlutskarpast í keppni úrvalsdeildarinnar. Dómarar sýndu leikmönnum þess oftar refsispjaldið en leikmönnum annarra liða, eða 48 gul í 18 leikjum og fimm rauð sem gerir tæplega þrjú spjöld á leik. Áhorfendur á leikjum ÍR voru alls 9.193 eða 511 að meðaltali. Heimaleikina í Skógarseli sóttu 4.017 áhorfendur eða 446 að meðaltali og 5.176 útileikina. Minni aðsókn var á leiki tveggja liða, Leifturs og Grindavíkur.

Fyrir lokaumferð úrvalsdeildarinnar 26. september voru fjögur lið í fallhættu; Valur, ÍR, Grindavík og Þróttur. Valur með 18 stig, ÍR og Grindavík 16 og Þróttur 15. Eins og áður segir urðu ÍR-ingar að vinna Skagamenn í lokaleiknum til að halda sér í úrvalsdeildinni. Akurnesingum var einnig í mun að ná sigri til að verða í þriðja sæti og komast í Evrópukeppni. Það reyndist ÍR-ingum ofraun, segir í frásögn Morgunblaðsins. Gestirnir ofan af Skaga höfðu leikinn í hendi sér nánast frá upphafi og komust yfir snemma leiks, sagði blaðið.

Markið sem haldið hefði ævintýrinu áfram lét á sér standa

Bjarki Már Hafþórsson kom inn á sem varamaður fyrir ÍR á 59. mínútu og skoraði jöfnunarmark er hann hafði verið aðeins um mínútu inná. ÍR-ingar pressuðu stíft undir lok leiksins en vantaði herslumuninn til að skora markið sem nægt hefði þeim að halda sér í deildinni. Það tókst ekki og því lauk veru ÍR í úrvalsdeildinni í lok fyrstu leiktíðar félagsins þar. Skagamenn urðu að sættast á jafntefli við baráttuglaða ÍR-inga, 1:1, sem höfðu af þeim Evrópusætið með jafnteflinu.

„Verkefnið var erfitt, það er erfitt að ætla sér sigur á Skagamönnum og því fór sem fór," sagði Njáll Eiðsson þjálfari ÍR við Morgunblaðið. „Skagamenn

þurftu á sigri að halda og þeir þekkja hvað þarf til að halda að minnsta kosti öðru stiginu. Við ætluðum að halda hreinu í fyrri hálfleik og freista þess að skora en eftir að þeim tókst að komast yfir var leikurinn okkur mjög erfiður. Við náðum að jafna í síðari hálfleik og áttum möguleika á að skora á ný en tókst ekki."

Njáll sagði það mjög sárt að horfast í augu við þá staðreynd að ÍR væri fallið í 1. deild. „Við töldum okkur eiga möguleika á að halda sæti okkar en það sýnir sig best hver munurinn á deildunum er, að bæði liðin sem komust upp í fyrra falla nú ári síðar. En við höfum lært mikið á þessu sumri og eigum að vera reynslunni ríkari."

Í samtali við DV sagðist Njáll þrátt fyrir allt nokkuð sáttur. „Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt sumar. Við bættum okkur með hverjum leik og ég er ánægður með það. Okkur var spáð hroðalegu gengi og maður heyrði jafnvel að við næðum ekki meira en fimm stigum. Við náðum hins vegar 17 en féllum samt. Það eru mikil vonbrigði," sagði Njáll.

Það voru félagsmönnum vonbrigði að vistin í úrvalsdeildinni yrði ekki lengri en það hefði verið starfi annarra flokka félagsins til framdráttar. Fjármálin voru í járnum eins og oft áður. Kostnaður við starfsemina jókst, en tekjur einnig, m.a. vegna peninga sem komu frá evrópska knattspyrnusambandinu fyrir veruna í efstu deild, auk þess sem styrkir og auglýsingatekjur jukust talsvert. Liðið lék næstu fjögur árin í næstefstu deild en í mótslok 2002 varð liðið í 9. sæti af 10 og féll niður í 2. deild, en þá hafði

Meistaraflokkur karla sumarið 2005 eftir leik við Stjörnuna. Talið frá vinstri: Þorgeir Jónsson, Dejan Micovic, Ragnar Konráðsson, Valdimar Sigurðsson, Arnar Gauti Reynisson, Lúðvík Gunnarsson, Helgi Örn Gylfason, Arnaldur Smári Stefánsson, Gunnar Reynir Steinarsson, Árni Jón Baldursson og Arnar Þór Valsson. Fyrir framan krjúpa þeir Kjartan Þórarinsson og Engilbert Friðfinnsson.

þrótturinn í kringum deildina eitthvað minnkað frá því sem verið hafði árin á undan. Var ÍR-liðið því eiginlega í sömu stöðu og árið 1986; komið niður í þriðju efstu deild.

Það er aldrei á vísan að róa í íþróttum, það hafa ÍR-ingar fengið að reyna í knattspyrnu. Þannig þurfti félagið talsvert fyrir því að hafa að halda sæti sínu í 2. deildinni sumarið 2005. Var það ekki fyrr en í lokaumferðinni, gegn Hugin frá Seyðisfirði á heimavelli við Skógarsel, sem liðið gulltryggði sæti sitt í deildinni. ÍR-ingar þóttu betri aðilinn á vellinum en ekki vildi knötturinn í mark mótherjanna þrátt fyrir gnægð tækifæra. Gestirnir urðu fyrri til að skora með marki úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik. Smám saman sóttu ÍR-ingar í sig veðrið en það var þó ekki fyrr en undir lok leiksins sem

Guðmundur Pétursson, sem kom inn á í síðari hálfleik, afgreiddi knöttinn tvívegis í markið. Fyrir vikið varð ÍR í sjötta sæti í deildinni. Ánægjulegur endir á Íslandsmótinu og ekki spillti gleðinni að tveimur dögum áður ákváðu borgaryfirvöld að hafist skyldi handa við nýjan gervigrasvöll á ÍR-svæðinu sem tilbúinn skyldi árið eftir, 2006. Var því gleðin margþætt á uppskeruhátíð knattspyrnudeildarinnar í ÍR-heimilinu í vertíðarlok.

ÍR-liðið var öllu sterkara á nýliðnu ári, 2006, og varð í fimmta sæti af 10 liðum með sömu stigatölu og liðið í fjórða sæti. Vann liðið sex síðustu leikina af 18 sem er gott veganesti inn í aldarafmælisár ÍR. Til að undirbúa ÍR-liðið undir keppni 2007 voru í fyrrahaust

Hressar ÍR-stelpur með Öldu Róbertsdóttur þjálfara á innanhússmóti í Austurbergi árið 2002.

ráðnir þjálfarar þeir Ásgeir Elíasson og Sigurður Þórir Þorsteinsson, sem í rauninni eru ÍR-ingar inn við beinið. Höfðu þeir nýlega komið Fram í úrvalsdeild er þeir réðust til ÍR. Ásgeir á farsælan knattspyrnu- og þjálfaraferil að baki og Sigurður lék með ÍR upp alla yngri flokkana í knattspyrnu og hefur mikla reynslu af þjálfun. Ásgeir þjálfaði landsliðið um tíma og á sínum yngri árum lék hann með ÍR í handbolta, körfubolta og auk þess þjálfaði hann og lék með knattspyrnuliði ÍR í byrjun áttunda áratugarins.

Kvennaknattspyrna byrjaði hjá ÍR árið 1984

Merk tímamót urðu í sögu knattspyrnudeildar ÍR sumarið 1984. Þá náði félagið þeim áfanga að senda í fyrsta sinn kvennaflokk til þátttöku í Íslandsmóti. Og það bæði í meistaraflokki og 2. flokki, þ.e. flokki 12–15 ára. Meistaraflokkurinn keppti með ágætum í 2. deild, hafnaði í 3. sæti í sínum riðli og skaut mörgum liðum ref fyrir rass. Varð að lokum í 7.–8. sæti í deildinni. Sömu stúlkurnar spiluðu með báðum flokkunum og álagið á þeim mikið. Undir því varð ekki staðið og fór svo að kvennaknattspyrnan lagðist af á miðju tímabilinu 1986. Liðið vann fyrsta leik sinn á þeirri keppnistíð, 2:1 gegn Grundfirðingum í Grundarfirði. Mörkin gerðu Ágústa Valsdóttir og Sarún Stefánsdóttir.

Smám saman datt botninn úr liðinu og gaf það áttunda leik sinn. Mætti í þann næsta en gaf svo tíunda leikinn og var fyrir bragðið vísað úr keppni. Tveir leikjanna töpuðust æði stórt, báðir gegn KA. Sá fyrri fór 0:9 en sá seinni 0:21. Björn Gunnarsson var þjálfari liðsins.

Endurvakning átti sér stað árið 1994. Með stofnun 4. og 5. flokks kvenna var ákveðið að fara eins að og 1970; byrja á byrjuninni og byggja smám saman undirstöður fyrir frekari keppni. Eldri flokkurinn undir stjórn Óla H. Sigurjónssonar tók þátt í mótum þegar 1994 en 5. flokkur undir stjórn Hermanns Valssonar árið eftir. Báðir flokkar stóðu sig með prýði og á þessum tíma var kvennaknattspyrnan einn helsti vaxtarbroddurinn í knattspyrnustarfinu hjá ÍR.

Starfsemi þriðja flokks var senn hafin og var svo komið 2001 að með starfsemi öflugs 2. flokks var komin grundvöllur fyrir stofnun meistaraflokks. Var honum teflt fram á ný 2002 undir stjórn Öldu Róbertsdóttur. Þjálfaði hún flokkinn fyrstu fjögur árin. Þann árangur bar starf hennar meðal annars að tvær stúlkur völdust til keppni með U19-landsliðinu sumarið 2004. Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir lék einn leik með því og Hafdís Erla Valdimarsdóttir tvo.

Konurnar í úrvalsdeild innanhúss

Kvennaliðið náði glæsilegum árangri á Íslandsmótinu innanhúss í desember 2004 er það tryggði sér sæti í úrvalsdeild árið eftir. Í byrjun sama árs varð ÍR í öðru sæti í deildarbikarkeppni 1. deildar.

Í Íslandsmótinu utanhúss hefur ÍR-liðið keppt í fyrstu deild frá 2002. Fyrsta árið varð liðið í sjötta sæti af

sjö í öðrum riðli mótsins. Vann einn leik af 12, gerði tvö jafntefli en tapaði níu leikjum. Eins og við er að búast vinnast ekki stórsigrar strax í upphafi vegferðar. Á fyrsta ári tapaði liðið þremur leikjum stórt, fékk á sig 32 mörk í þeim. En stúlkurnar létu ekki mótlætið á sig fá, héldu ótrauðar áfram og árangurinn varð strax betri árið eftir, 2003. Endaði liðið sæti ofar í A-riðli og vann þá fjóra leiki af 12. Og einn þeirra vannst stórt, eða 11:2, gegn HSH á Ólafsvíkurvelli.

ÍR-liðið náði þriðja sæti í öðrum riðli 1. deildar 2004 og vann fimm leiki af 12. Hærra hafði það ekki komist. Í fyrra, 2005, vann liðið samt fleiri leiki en áður, eða sex af 12, og fékk fleiri stig, eða 19 og varð í fjórða sæti riðilsins. Þetta sumar vann ÍR sinn stærsta sigur í kvennaknattspyrnu, lagði Víði í Garði með 13 mörkum gegn engu á Garðsvelli í júní. Heimaleik sinn í Skógarselinu gegn sama liði síðar um sumarið vann ÍR 11:1.

Hér er annar flokkur kvenna árið 2002 staddur á Gothia Cup í Gautaborg. Í þessu liði eru margar stelpur sem síðan hafa leikið í meistaraflokki kvenna og leika enn. Stelpurnar eru, talið frá vinstri í efri röð: Ásgerður Arna Pálsdóttir, Íris Elfa Sigurðardóttir, Hrefna Sif Bragadóttir, Tinna Rut Bjarnadóttir, Þórdís Sara Þórðardóttir, Berglind Rafnsdóttir, Rúna Kristín Stefánsdóttir, Hafdís Erla Valdimarsdóttir, Svanlaug Elsa Steingrímsdóttir, og svo Páll Þór Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar ÍR.
Neðri röð frá vinstri: Bára Dís Benediktsdóttir, Regína Sigurðardóttir, Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir, Benedikta Garðarsdóttir, Kristrún Kristinsdóttir, Ólöf Stefánsdóttir, Aðalheiður Dögg Finnsdóttir og Berglind Ragnarsdóttir.

Hressar stelpur í 4. flokki kvenna eftir leik í Íslandsmóti við Grundarfjörð sumarið 2004.

Snemmbær afmælisgjöf vegna aldarafmælis ÍR

Stígandi hefur verið í gengi meistaraflokks kvenna hjá ÍR allar götur frá því hann var stofnaður 2001. Þannig vann liðið fimm stig í keppni 2002, 13 stig 2003, 15 stig 2004 og 19 stig 2005. Sigurleikjum liðsins í Íslandsmótinu hefur sömuleiðis fjölgað ár frá ári. Ekki náðist þó það markmið liðsins að verða á meðal tveggja efstu liða í 1. deild 2005 og komast þannig í umspil um sæti í úrvalsdeild.

Draumar leikmanna og forsvarsmanna félagsins og allra ÍR-inga rættust hins vegar er ÍR-stelpurnar unnu sig á síðastliðnu hausti, 2006, inn í hóp þeirra bestu. Meistaraflokkur kvenna hjá ÍR tryggði sér sæti í úrvalsdeild að ári með sigri á sameiginlegu liði KA og Þórs frá Akureyri á ÍR-vellinum í Mjódd 14. september. Má segja að með þessu hafi ÍR-stúlkurnar tekið smáforskot á sæluna og fært félagi sínu skemmtilega afmælisgjöf hálfu ári fyrir aldarafmæli þess.

Niðurstaðan var kraftbirting þess að knattspyrna kvenna hafði þróast með ágætum hjá ÍR undanfarinn áratug og mikill kraftur verið í starfseminni. Uppskáru menn sem lengi höfðu haldið utan um starfsemi kvennaflokkanna, svo sem Páll Þór Kristjánsson og Már Árnason, laun erfiðisins. Reyndar urðu eftirmál af leiknum þar sem Akureyringar kærðu úrslit hans á þeirri forsendu að markvörður ÍR, Berglind Magnúsdóttir, hefði verið óhlutgeng í leiknum. Dómstóll Knattspyrnusambandsins dæmdi ÍR í óhag í fyrstu en fjölskipaður áfrýjunardómstóll hnekkti þeirri niðurstöðu. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ógilti síðar úrslit leiksins og dæmdi hann ÍR tapaðan. Þing KSÍ samþykkti síðar að liðum í efstu deild kvenna yrði fjölgað um eitt 2007 og fékk ÍR það sæti. Verði áframhald á þeirri elju sem verið hefur í starfi knattspyrnudeildarinnar má ætla að kvennalið ÍR eigi eftir að láta enn frekar til sín taka í framtíðinni.

Meistaraflokkur kvenna sem ávann sér sæti í efstu deild árið 2006. Á myndinni eru í efri röð frá vinstri: Svava B. Stefánsdóttir liðsstjóri, Halldór Þ. Halldórsson þjálfari, Guðrún Jóna Jósepsdóttir, Rakel Árnadóttir, Gréta Rún Árnadóttir, Kristrún Kristinsdóttir, Hafdís Erla Valdimarsdóttir, Katrín Sif Oddgeirsdóttir, Brynja Rós Ólafsdóttir, Þórdís Sara Þórðardóttir, Sandra María Filippusdóttir, Ásgerður Arna Pálsdóttir, Guðný Pétursdóttir, Helga Dagný Bjarnadóttir og Þórarinn Einar Engilbertsson aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Birna Kristinsdóttir, Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir, Kristín María Kristmannsdóttir, Anna Lovísa Þórðardóttir, Úlfhildur Ösp Indriðadóttir, Berglind Magnúsdóttir, Berglind Þ. Hallgeirsdóttir, Bryndís Jóhannesdóttir og Már Árnason, formaður meistaraflokksráðs kvenna. Fremst: Anna Rún Sveinsdóttir. Á myndina vantar Hrefnu Sif Bragadóttur, Margréti Sveinsdóttur, Svanlaugu Steingrímsdóttur, Guðnýju Láru Árnadóttur, Pál Þór Kristjánsson liðsstjóra og Guðmund Inga Guðmundsson aðstoðarþjálfara.

Boðaðir í leik á röngum tíma og misstu því af úrslitakeppni Íslandsmótsins

ÍR-ingar komu sér fyrst á fótboltakortið, ef svo mætti segja, er 4. flokkur varð í öðru sæti Íslandsmótsins í þeim flokki 1977. Var það upphafið að velgengni yngri flokka félagsins í keppni. Sami aldursflokkur komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins 1987 og varð í 5. sæti. Árið eftir, 1988, varð 4. flokkur haustmótsmeistari, vann alla fjóra leiki sína, skoraði 23 mörk en fékk á sig aðeins eitt. Loks vann 4. flokkur alla átta leiki sína í b-riðli Íslandsmótsins 1990 og hafnaði að lokum í 7. sæti í úrslitum.

Árið 1989 varð ÍR Íslandsmeistari í 1. flokki utanhúss. Fimmti flokkur var mjög sigursæll þetta ár. Varð Íslandsmeistari utanhúss, Reykjavíkurmeistari innanhúss og vann bæði ESSÓ-mótið á Akureyri og Peyjamótið í Vestmannaeyjum. Árið eftir komst flokkurinn í úrslitakeppni Íslandsmótsins og hafnaði í 7. sæti. Sami aldursflokkur varð Reykjavíkurmeistari 1986.

Fimmti flokkur karla á Pollamóti Eimskips árið 1987. Leikmenn í efri röð frá vinstri: Steinar, Eiður Smári Guðjohnsen, Jón Ingi Árnason, Brynjar Óðinsson og Sigurður. Neðri röð frá vinstri: Valur Þór Ólafsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Haraldur Guðmundsson og Ólafur Sigurjónsson. Þjálfarinn er Kristján Guðmundsson.

Sjötti flokkur ÍR sigraði í sínum riðli í Pollamóti KSÍ og Eimskips 1984 og hafnaði í þriðja sæti. Verðlaunaafhending fór fram í hálfleik á leik Liverpool og KR. Kom það í hlut hins fræga enska framherja Ians Rush að afhenda verðlaunin. Segir Arnar Þór Valsson, sem var einn af leikmönnum ÍR-liðsins, að hann og margir aðrir leikmenn þess hafi ekki þvegið sér um hendurnar í marga daga eftir að hafa tekið í höndina á honum.

Sjötti flokkurinn endurtók leikinn frá 1984 í Pollamótinu tveimur árum

Þriðji flokkur ÍR árið 1991 tekur við hátt-vísiverðlaunum KSÍ og Visa. Hér eru piltarnir á mynd með sjálfum Pele. Talið frá vinstri í efri röð: Guðni, Björn Ingi, Óskar, Halldór, Hans, Pele, Þorsteinn, Sveinn og Kristinn. Neðri röð frá vinstri: Ágúst, Óskar, Heimir, Einar, Guðlaugur og Bjarki.

seinna, eða 1986. Komst í úrslitakeppnina en varð aftur í þriðja sæti. Í Tommamótinu þetta ár komst liðið hins vegar alla leið í úrslitaleikinn en varð að láta í minni pokann og lenti því í öðru sæti.

Og það sýndi sig sumarið 1992 að undirstaðan var í lagi hjá ÍR og uppbyggingarstarf knattspyrnudeildarinnar gott. Til marks um það vann sjötti flokkur Toyotamótið í Keflavík um miðjan júní og keppti síðan í lok mánaðarins um gull og brons í flokki B- og C-liða á Shell-mótinu í Vestmannaeyjum. A-liðið varð í fimmta sæti í þessu stærsta móti sumarsins og unnu ÍR-ingar að auki reiptogskeppni mótsins og höfðu þar af leiðandi á að skipa sterkasta liði mótsins. Á Íslandsmóti 6. flokks lagði B-lið ÍR alla andstæðinga sína þar til komið var í úrslitakeppnina á Laugarvatni í lok júlí. Liðið vann annan riðil hennar og lék því til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn við Fram. Úrslitaleikurinn var mjög jafn en endaði með 2:1-sigri Fram. Þrátt fyrir það gátu leikmennirnir ungu borið höfuðið hátt því þeir höfðu engum öðrum leik tapað á öllu mótinu en sjálfum úrslitaleiknum.



Hér er 4. flokkur karla sem varð haustmótsmeistari árið 1988. Talið frá vinstri Kjartan Hrafn Kjartansson, Gunnar Heiðar Gunnarsson, Arnar Þór Jónsson, Helgi Hannesson, Brynjar Arnarsson, Heimir Þór Andrason, Arnar Þór Jóhannsson, Bjarki Stefánsson (nr. 2), Kristinn Jóhannsson (á bak við Bjarka), Halldór Hjartarson, Jóhannes Ragnar Jóhannesson, Magnús Sæbjörnsson, Arnar „Addó“ Þór Valsson, Guðjón Hlynur Guðmundsson, Jóhann Bragi Fjalldal, Þórarinn Einar Engilbertsson og Kristján þjálfari Guðmundsson. Á endanum má svo sjá Sæbjörn Guðfinnsson.

Þriðja flokk vantaði aðeins eitt stig til að komast í úrslit Íslandsmótsins árið 1992. Réð þar úrslitum að þjálfaranum urðu á þau mistök að boða drengina í leik gegn Haukum í Hafnarfirði klukkan 20 í stað 18. Sakir þess mættu ÍR-ingar á vettvang eftir að leikurinn átti formlega að vera hafinn. Aldrei var ætlunin önnur hjá þeim en spila en mistök þjálfarans reyndust dýrkeypt. Þrátt fyrir að allt hafi verið gert af hans hálfu til að fá forráðamenn Hauka til að spila leikinn þegar liðið mætti léðu þeir ekki máls á því. Hrósuðu þeir sigri í leik sem aldrei var leikinn en eftir sat hið efnilega ÍR-lið með sárt ennið þegar að úrslitakeppninni kom.

Eiður Smári markakóngur í ÍR-skyrtunni

Í liði þessu þótti mikið búa en þar fór fremstur meðal jafningja Eiður Smári Guðjohnsen, síðar mesti afreksmaður Íslendinga í knattspyrnu, m.a. Englandsmeistari með Chelsea tvisvar. Auk hans var einn leikmanna flokksins, Einar Örn Einarsson, valinn til æfinga með drengjalandsliðinu. Þriðji flokkurinn byrjaði gott ár með því að bera sigur úr býtum í innanhússmóti í Keflavík þar sem lið af Stór-Reykjavíkursvæðinu tóku þátt. Það varð síðan í þriðja sæti á Reykjavíkurmótinu á eftir KR og Fram. Og komst í undanúrslit í Bikarkeppni KSÍ en tapaði þar fyrir Fram.

Þá varð ÍR-liðið í 4.–8. sæti af 85 liðum í hinu mikla móti Gothia Cup í Svíþjóð í júlímánuði 1992 en í því taka þúsundir knattspyrnumanna þátt ár hvert. Þangað fór Eiður með liðinu þótt enn væri hann í 4. flokki að aldri til. Ennfremur varð liðið í öðru sæti í haustmóti KRR á eftir KR. Liðin urðu jöfn að stigum en KR hafði skorað einu marki fleira en ÍR og hlaut því sigurinn í mótinu. Loks lék liðið til úrslita í hraðmóti á gervigrasinu í Laugardal í tilefni af degi unglinga, en mátti þola naumt tap, 0:1, gegn Fram.

Eiður Smári hafði áður vakið athygli í ÍR-treyjunni. Aðeins 10 ára gamall fór hann fyrir liði ÍR sem lék til úrslita við Fylki á Tommamótinu í Vestmannaeyjum árið 1988. Reyndar beið ÍR ósigur, 1:4, í þeim leik. En uppi stóð Eiður Smári sem markakóngur mótsins, skoraði 27 mörk. Eiður Smári vakti líka mikla athygli með frammistöðu sinni með drengjaliði í Belgíu á árinu.

Þetta lið hlaut silfurverðlaun á Tommamótinu í Eyjum árið 1988 undir stjórn Kristjáns Guðmundssonar þjálfara. Þarna má þekkja á myndinni, talið frá vinstri: Hinrik, Sigurð Flosason, Eið Smára Guðjohnsen og vinstra megin við markmanninn er Þorvaldur Þorvaldsson, markmaðurinn er Bjartur Máni Sigurðsson og hægra megin við hann er Andrés Jónsson.

ÍR-ingar hrósuðu sigri er 5. flokkur félagsins meðal drengja fór með sigur af hólmi á Essómóti KA á Akureyri sumarið 1997. Vann liðið úrslitaleik A-liða gegn Þrótti úr Reykjavík eftir vítaspyrnukeppni. Og til marks um að undirstaðan í félaginu er góð urðu ÍR-ingar Reykjavíkurmeistarar í 6. flokki 2001 og 5. flokki 2003. Þá varð 4. flokkur í 2. sæti í Íslandsmótinu innanhúss 2005. Komst alla leið í úrslitaleikinn en tapaði honum fyrir ÍA. Flokkurinn varð í sama sæti á Reykjavíkurmóti þetta ár og í 3.–4. sæti á Íslandsmótinu utanhúss. Árið 2004 náði 2. flokkur pilta í ÍR þeim góða árangri undir stjórn Magnúsar Einarssonar þjálfara að vinna sig upp úr B-deild í A-deild árið eftir. Þar með hafði ÍR-liðið skipað sér á bekk með átta bestu liðum landsins í

Kjartan Hrafn Kjartansson, til vinstri, valinn bestur í Knattspyrnuskóla Kristjáns Bernburg í Lokeren, líklega árið 1988. Mynd frá lokahófi skólans þar sem Kjartan er ásamt Wlodzimierz Leonard Lubanski sem skoraði „aðeins“ 44 mörk fyrir landslið Póllands í 65 leikjum frá 1963 til og með 1980 og lék meðal annars með Lokeren í Belgíu. Með þeim á myndinni er Reynir Björnsson úr ÍK sem fékk viðurkenningu fyrir frammistöðu sína í eldri hópnum.

Fjórði flokkur karla sem varð í öðru sæti á ReyCup árið 2005. Talið frá vinstri: Arnar Þór Valsson þjálfari, Sindri Snær Magnússon, Karl Sölvi Sigurðsson, Daníel Sæberg Hrólfsson, Arnór Freyr Stefánsson, Árni Indriðason og Arnþór Sigurðsson aðstoðarþjálfari. Fremri röð frá vinstri: Hlynur Þór Sigurðsson, Hrólfur Smári Pétursson, Sigurður Þór Arnarson, Ásgeir Kári Ásgeirsson, Sigurður Rúnar Rúnarsson, Davíð Már Stefánsson, Jóhann Ingi Hjaltason og Almar Þorleifsson. Þessi hópur hefur oft verið í baráttunni um efstu sætin á Reykjavíkurmótum og Íslandsmótum.

þessum aldursflokki. Var þetta sögulegur áfangi því aldrei áður hafði 2. flokkur ÍR unnið sér sæti í efstu deild Íslandsmótsins. Við ofurefli var hins vegar að etja í A-deildinni því liðið vann aðeins einn leik en tapaði hinum 13. Nýjustu afrek knattspyrnuflokka ÍR er að 6. flokkur kvenna varð hnátumeistari í fyrra, 2006.

Eiður Smári skoraði fyrsta landsliðsmark ÍR

Alls hafa 16 karlar og tvær konur úr ÍR valist til að keppa með landsliðum Íslands í knattspyrnu. Fyrsti landsliðsmaður ÍR er Jónas Eysteinn Guðjónsson sem var aðeins 15 ára er hann lék þrjá leiki með U17-liðinu sumarið 1982, vináttulandsleik gegn Færeyjum og gegn Finnum og Norðmönnum í Norðurlandameistaramóti 17 ára og yngri.

Fyrstur ÍR-inga til að spila með A-landsliði Íslands í knattspyrnu er hins vegar Kristján Halldórsson. Keppti hann með því gegn Möltu 7. maí 1991 en þann leik vann Ísland 4:1. Kristján er og fyrsti ÍR-ingurinn til að spila með 21-árs landsliðinu, lék með því níu leiki árið 1990. Upp frá þessu líður vart ár án þess að ÍR eigi menn í landsliði í knattspyrnu. Með U19-liðinu lék fyrstur Kjartan Hrafn Kjartansson en með því lék hann einn leik 1991.

Nýorðinn 14 ára er Eiður Smári Guðjohnsen, einkar efnilegur leikmaður 3. flokks ÍR, valinn í sigursælt drengjalandslið Íslands 1992. Hann stóð sig mjög vel í leikjum þess, lék alla leikina sex og skoraði eitt mark. Er það fyrsta landsliðsmark ÍR-ings í knattspyrnu.

Langflesta landsleiki allra ÍR-inga hefur Ólafur Þór Gunnarsson markvörður leikið eða alls 16. Hann lék 12 unglingalandsleiki 1994 með U19-liðinu, þrjá leiki með U21-liðinu 1998 og einn leik með því 1999. Skammt á hæla Ólafi Þór kemur Arnaldur Smári Stefánsson með alls 14 leiki. Hann lék 10 leiki með U17-liðinu 2003 og 2004 og var fyrirliði í tveimur leikjanna. Hann lék og fjóra leiki með U-19 ára liðinu 2005, þá aðeins 18 ára gamall.

Kristján Halldórsson lék alls 10 leiki með landsliði sem að framan segir. Jafnmarga leiki hefur Eyjólfur Héðinsson leikið. Hann lék 10 leiki með U17-liðinu 2001 og 2002 og var fyrirliði í þeim öllum. Er hann fyrsti ÍR-ingur sem því hlutverki gegnir.

Konráð Ragnar Konráðsson markmaður 3. flokks lék fjóra leiki með U17-liðinu 1995 og einn leik með U19-liðinu árið eftir. Erlendur Egilsson og Guðlaugur Hauksson léku báðir með U17-liðinu 1998, Erlendur þrjá leiki og Guðlaugur Hauksson fjóra. Gunnar Gunnarsson einn með U19-liðinu árið 1990 og Gunnar H. Kristinsson sex leiki með U17-liðinu árið 2000.

Þá lék Sveinbjörn Claessen einn leik með U17-liðinu árið 2001. Helgi Örn Gylfason lék þrjá leiki með því árið 2002 og tvo leiki árið eftir með U19-liðinu. Loks lék Kristján Ari Halldórsson þrjá

Táknræn mynd af sjötta flokki karla á móti í Vestmannaeyjum sumarið 1988. Eiður Smári Guðjohnsen trónir þarna á toppnum, þ.e. á knettinum, yfir félögum sínum og Kristjáni þjálfara.

Essómótsmeistarar árið 1989 í 5. flokki karla. Þrír Ólar í sama liði. Talið frá vinstri: Ólafur Sigurjónsson (síðar handboltakappi hjá ÍR og mikill markaskorari), Ólafur Þór Gunnarsson (síðar markmaður í meistaraflokki karla hjá ÍR, landsliðsmarkvörður í yngri flokkum og markmaður hjá ÍA og fleirum), Jón Ingi Árnason, Ólafur Josephsson (síðar handboltakappi og tónlistarmaðurinn Stafrænn Hákon), Haraldur Guðmundsson, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi), Valur Þór Ólafsson, Gunnar, Eiður Smári Guðjohnsen og Kjartan Ólafsson þjálfari.

Hér er vafalítið eitt af fyrstu fjölmiðlaviðtölum sem knattspyrnukappinn kunni, Eiður Smári Guðjohnsen, veitti. Parna er hann ásamt Ólafi Þór Gunnarssyni að svara spurningum fréttamanns eftir að ÍR varð sigurvegari á Essó-mótinu á Akureyri.

Hér er verið að afhenda stelpunum í 2. flokki kvenna verðlaun fyrir að vinna Reykjavíkurmótið vorið 2004. Margar þessara stúlkna hafa einnig leikið í meistaraflokki kvenna.

leiki með U17-liðinu 2004 og þrjá með U19-liðinu árið 2005. Sem fyrr greinir léku Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir og Hafdís Erla Valdimarsdóttir með U19-liði kvenna árið 2004.

Mót afmælisárinu 2007 gengu knattspyrnumenn félagsins við mun betri aðstæður en áður. Tekinn var í notkun nýr og glæsilegur gervigrasvöllur á ÍR-svæðinu við Skógarsel í fyrrahaust, 2006. Tilkoma hans var algjör bylting hvað aðstöðu til iðkunar knattspyrnu varðar. Byrjuðu boltaglaðir ÍR-ingar að nota hann um leið og gerð hans lauk. Flóðljós eru við völlinn sem eykur notagildi hans og auk þess er hann upphitaður. Með hinni góðu aðstöðu sem sköpuð hefur verið á félagssvæðinu og vegna hinna mörgu efnilegu flokka ungra knattspyrnumanna og -kvenna hjá félaginu horfa ÍR-ingar mót bjartri framtíð í fótboltanum.

Íslandsmeistarar í 6. flokki kvenna árið 2006. Aftari röð frá vinstri: Þórarinn Einar Engilbertsson þjálfari, María Ívarsdóttir, Ragnhildur Loftsdóttir, Berglind Hrund Jónasdóttir, Dagmar Agnarsdóttir, Aníta Björk Axelsdóttir og Axel Kári Vignisson aðstoðarþjálfari. Fremri röð frá vinstri: Lísa Margrét Rúnarsdóttir, Auður María Jónasdóttir, Sandra Bjarnadóttir, Elena Brynjarsdóttir og Sunneva Hrönn Sigurvinsdóttir. Á myndina vantar Ingu Söru Sævarsdóttur.